

KLIFUR

MÁLGAGN SJÁLFSBJARGAR LSF ♦ 1. TBL. 2008 ♦ 19. ÁRGANGUR



Sjálfstætt líf ungs fatlaðs fólks

Hrefna Karonina Óskarsdóttir, verkefnisstjóri í fötlunarfræðum

4



Dugnaður stofn- féлага og skilningur og velvild yfirvalda fóru saman

Hulda Steinsdóttir, einn af stofendum fyrsta Sjálfsbjargarfélagsins

16



Aðgengi eru mannréttindi

Guðmundur Magnússon og Harpa Ingólfsdóttir

9

Áherslur í starfi Sjálfsbjargar Isf á næstu tveimur árum
Ragnar G. Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar Isf.

3

Sjálfstætt líf ungs fatlaðs fólks
Viðtal við Hrefnu Karonínu Óskarsdóttur, verkefnisstjóra við Háskóla Íslands

4

Fréttir

7

Aðgengi eru mannréttindi
Viðtal við Guðmund Magnússon og Hörpu Ingólfssdóttur

9

Vottað aðgengi fyrir fatlaða á 25 stöðum
Aðgengi fyrir fatlaða kannað hjá Ferðabjónustu bænda

11

Fréttir

13

Fyrstu Sjálfsbjargarfélögin voru stofnuð fyrir fimmtíu árum
Dugnaður stofnfélaga og skilningur og velvild yfirvalda fór saman

14

Málagaman

15

Viðtal við Huldu Steinsdóttur
sem er einn af stofnendum Sjálfsbjargar á Siglufirði, fyrsta Sjálfsbjargarfélagsins

16

Margt brennur mér á hjarta í málefnum fatlaðra
Ávarp Jóhönnu Sigurðardóttur, félags- og tryggingamálaráðherra á Landsþingi Sjálfsbjargar Isf.

19

Fréttir

21

Skýrsla framkvæmdastjórnar og skrifstofu

22

Bifreiðamál hreyfihamlaðra
Ályktun samþykkt á Landsþingi Sjálfsbjargar Isf.

29

Fréttir

30



Rafskutlur

- umhverfisvænn ferðamáti

- Rafskutlurnar eru einfaldar í notkun
- Jafnt innandyrá sem utan
- Snúningssæti auðveldi aðgengi

Komdu og prófaðu!
 Ópið 9-18 alla virka daga



Eirberg 

Málgagn Sjálfsbjargar

Útgefandi:
Sjálfsbjörg, lands-
samband fatlaðra.



Sjálfsbjörg, Isf
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími: 5500300, fax: 5500399
mottaka@sjalfsbjorg.is

Ritstjóri:
Hilmar Karlsson – hkarls@simnet.is

Ábyrgðarmaður:
Kolbrún Stefánsdóttir
kolbrun@sjalfsbjorg.is

Hönnun og umbrot:
Leturval – leturval@litrof.is

Prentvinnsla:
Prentsmiðjan Oddi ehf



Í maímánuði sá Aðalbjörg Guðgeirsdóttir draum sinn rætast þegar hún fékk afhendan sérhannaðan reiðhjólauðtbúnað á hjólástól sem gerir það að verkum að hún á mun auðveldara með að komast ferða sinna auk þess gefur búnaðurinn henni tækifæri til að hreyfa sig mun meira en áður: „Öllum er hollt af að stunda hreyfingu og hjólið gerir mér kleyft að komast mun lengri leið á mun auðveldari hátt en áður.“ Margir studdu Aðalbjörgu fjárhagslega enda hjólauðtbúnaður sem þessi dýr fjárfesting, meðal annars Minnarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar. Myndin er tekin af Aðalbjörgu í Staðahverfinu í Grafarvogi þar sem hún býr.

Ragnar Gunnar Þórhallsson,
formaður Sjálfsbjargar Isf:

Áherslur í starfi Sjálfsbjargar Isf. á næstu tveimur árum

Samtökin héldu sitt 34. þing dagana 16. og 17. maí 2008. Mörg mál voru tekin fyrir, en mig langar í þessum pistli að gera grein fyrir áherslum í starfinu á næstu tveimur árum, sem samþykktar voru á þinginu.



Hlutverk Sjálfsbjargar Isf sem hagsmunasamtaka er m.a. að móta viðhorf og hugmyndafræði í samfélaginu, fylgjast með straumum og stefnum í málefnum hreyfihamlaðra og annarra fatlaðra heima og erlendis, hafa áhrif á löggjafar- og framkvæmdavaldið til framfara, vera framsækin samtök, ágeng og gera kröfur. Bera hag hreyfihamlaðra fyrir brjósti; réttindabarátta og gæsla. Veita aðhald og ráðgjöf, t.d. í aðgengismálum og síðast en ekki síst stuðla að nýjungum. Í grunninn er baráttan fatlaðra alltaf baráttan fyrir mannréttindum, borgaralegum réttindum og skyldum, jafnræði, jöfnum tækifærum og virðingu. Á sviði baráttu- og hagsmunamála var samþykkt að efla vinnu og verkefni á því sviði og styður stofnun Málefnaþjóðs Sjálfsbjargar Isf þær fyrirætlanir auk þess sem ætlunin er að viðbótarstarfskraftur sinni þeim málum á skrifstofu samtakanna. Áfram verður lögð áhersla á aðgengismálin í víðum skilningi, sem eru aðalbaráttumál samtakanna, og að komið verði á fót notendastýrðri þjónustu við fatlaða á Íslandi, en vel hefur tekist til á Norðurlöndum hvað þá þjónustu varðar; bylting í þjónustu og hugmyndafræði. Til að styðja við þessi markmið er mikilvægt að í löggjöf náist fram ákvæði um bann við mismunun á grundvelli fötlunar.

Annað áhersluatriðið á næstunni er að vinna að framgangi markmiða Sjálfsbjargarheimilisins, en stjórn og starfsfólk stofnunarinnar hefur verið með vinnu í gangi um framtíðarstarfsemi Sjálfsbjargarheimilisins og húsakynni. Markmiðið er að veita fötluðum einstaklingum, einkum hreyfihömluðum, enn betri og fjölbreyttari þjónustu í anda Sjálfsbjargar.

Þriðja áhersluatriðið í starfinu framundan snýst um að bæta innri málefni og starf samtakanna. Það varðar innra skipulag og hvernig samtökin starfa. Hvernig getum við aðlagð innra starf að þörfum og vilja félagsmanna þannig að starfið verði ánægjulegt og árangursríkt fyrir alla. Starfið þarf að vera skilvirkt, hagkvæmt og sveigjanlegt. Ákveðið var að stofna starfshóp um innri málefni Sjálfsbjargar og að hann skipi formenn aðildarfélaganna. Ágætu félagar, nú er ekki annað en að bretta upp ermar og hefjast handa!



*Hrefna Karonina Óskarsdóttir,
verkefnisstjóri:*

Sjálfstætt líf ungs fatlaðs fólks

Hrefna Karonina Óskarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Rannsóknasetri í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands hefur unnið með fötluðum og fengist við rannsóknir á aðstæðum fatlaðs fólks. MA ritgerð hennar við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands nefnist Ungt fatlað fólk: Sjálfstætt líf, sjálfstæð búseta, og er mikið og gott innlegg inn í þá umræðu sem farið hefur fram á síðustu árum um sjálfstæði fatlaðs fólks og þær aðstæður sem fatlaðir þurfa að búa við. Leiðbeinandi Hrefnu Karoninu í náminu var Rannveig Traustadóttir prófessor í félagsvísindadeild.

Eins og nafn ritgerðarinnar bendir til var markmið rannsóknarinnar að varpa ljósi á reynslu ungs hreyfihamlaðs eða blinds fólks af samfélagsþátttöku og því að lifa sjálfstæðu lífi með þeim stuðningi og þjónustu sem því stendur til boða, koma reynslu, upplifun og aðstæðum þeirra á framfæri á þann hátt að raddir þeirra heyrist. Einnig var skoðað hvernig undirbúningi undir fullorðinsárin og sjálfstæða búsetu var háttáð og hvernig félagsleg staða ungs fatlaðs fólks tengist sjálfsmynd þess og samfélagsþátttöku. Þátttakendur í rannsókninni voru 25 talsins, en hún beindist sérstaklega að lífi og aðstæðum tíu fatlaðra einstaklinga. Aðrir þátttakendur voru aðstandendur fatlaðs fólks, fatlaðra, fagfólk og starfsfólk sem vinnur við búsetumál fatlaðra.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þó að þjónusta við unga fólk er gerð þá er

hún ekki nægjanlega einstaklingsmiðuð til að mæta öllum þörfum þess og óskum. Þá skorti þátttakendur undirbúning fyrir fullorðinsárin. Auk þess upplifði unga fólk ýmsar hindranir í daglegu lífi sem komu í veg fyrir fulla samfélagsþátttöku. Þessar hindranir, svo sem viðhorf ófatlaðs fólks í samfélaginu og aðgengi fyrir fatlað fólk í umhverfinu, höfðu áhrif á sjálfsmynd þess, og þar af leiðandi fannst því það ekki vera jafn réttmæt og aðrir samfélagsþegnar. Í viðtali við Klifur var Hrefna Karonina fyrst spurð hvort ekki hefði verið erfitt að fá fólk til að taka þátt í rannsókninni

„Allir sem ég leitaði til tóku því mjög vel að taka þátt í rannsókninni. Ég þekkti hluta af þátttakendunum og þeir bentu á aðra sem ég hafði samband við og svo voru það nokkrir sem buðu sig fram af fyrra bragði og vildu fá að vera með. Þeir höfðu heyrt í mér þegar ég hélt fyrirlestur um málið og höfðu samband

við mig í kjölfarið þannig að strax var mikill áhugi á rannsókninni og sá áhugi hjá þátttakendum hélst allan tíma og enginn datt út. Ég byrjaði námið árið 2001 og segja má að undirbúningur hafi hafist þá en sjálf rannsóknin fór ekki strax af stað en henni lauk 2004 svo segja má að þegar allt er tekið til þá hafi hún staðið yfir í um fjögur ár.“

Lítið breyst

„Ástæðan fyrir því að ég fékk áhuga á að kynna mér hvernig ungu fötluðu fólki gengur að lifa sjálfstæðu lífi, er að ég starfaði sem iðjuþjálfari hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra í sautján ár. Í samstarfi við fatlaða, foreldra og annað fagfólk kynntist ég málefnum fatlaðs fólks og þar á meðal því búsetuformi sem nefnt hefur verið af þjónustustofnunum, sjálfstæð búseta. Ég fylgdist með ungu fólki, sem til mín hafði komið í þjálfun, flytja að heiman og hefja sjálfstætt líf. Mér var oft hugsað til þeirra og hvernig því vegnaði. Þegar ég hóf svo MA-nám mitt ákvað ég að gera það að viðfangsefni mínu að rannsaka reynslu ungs fatlaðs fólks af hinu nýja þjónustufyrirkomulagi. Meðal annars vildi ég kanna hvernig þessi þjónusta mætir þörfum þess og óskum um að lifa sjálfstæðu lífi.

Rannsóknarspurningar mínar voru í upphafi tengdar þjónustubáttum og áhyggjum mínum af hugsanlegri félagslegri einangrun þessara einstaklinga. Sem iðjuþjálfari hafði ég líka áhuga á að kynna mér hvort og með hvaða hætti ungt fatlað fólk nýtti sér tæknileg hjálpartæki til að rjúfa einangrun og auka færni sína og sjálfstæði. Þegar ég fór svo að ræða við viðmælendur mína tók rannsóknin aðra stefnu þar sem ég heyrði að það var ýmislegt annað sem lá þeim á hjarta. Auk þjónustu- og félagsþátta lögðu þau áherslu á mikilvægi þess að fá meiri fræðslu um fötlun sína og undirbúning undir fullorðinsárin og sjálfstæða búsetu. Einnig var þeim ofarlega í huga viðmót ófatlaðs fólks gagnvart fötluðu fólki og þekkingarleysi um fötlun í samfélaginu.

Ég hef, eftir að rannsóknin birtist, fylgst með þeim sem tóku þátt í rannsókninni og er í sambandi við marga, en þó ekki alla, og hitt þau bæði á förnum vegi og viðburðum sem tengjast þessum málefnum og ég veit að ástandið hefur ekki breyst mikið hjá þeim og þó þrjú ár séu frá því rannsóknin kom fram þá eru niðurstöðurnar sem þar eru settar fram í fullu gildi í dag eftir því sem ég best veit.“

Ný þjónustuúrræði

Í ritgerðinni kemur fram að þó að þjónusta við unga fólkið geri

því kleift að búa sjálfstætt sé sú þjónusta ekki nógu einstaklingsmiðuð og er Hrefna Karonina spurð hvað sé átt með því:

„Sjálfstæð búseta fatlaðra með utanaðkomandi stuðningi og þjónustu er nýlegt búsetuform hér á landi. Verið er að próa ný þjónustuúrræði og stuðning fyrir þennan hóp Sumir þátttakenda í rannsókninni eru fyrstu einstaklingarnir sem fluttu í þetta skipulagða búsetuform. Það er því mikilvægt að kanna reynslu þessa hóps og því er helsti ávinningur rannsóknarinnar að afla þekkingar á upplifun þess sem margt hvert er brautryðjandi á þessu sviði. Í rannsókninni var áhersla lögð á að skoða hvernig unga fólkið upplifir stöðu sína í íslensku samfélagi og hvort því finnst það hafa sama rétt og aðstæður og aðrir þjóðfélagsþegnar. Það sem ég á við með að þjónustan sé ekki nægilega einstaklingsmiðuð er að þátttakendurnir þurftu að aðlaga sig að þjónustuaðilanum, þau gátu ekki sinnt grunnþörfum þegar þeim hentaði, ekki farið í sturtu þegar þau vildu, gátu ekki borðað þegar þeim hentaði og gátu ekki farið á fætur þegar þau vildu, svo eitthvað sé nefnt. Allt þurfti að gerast þegar þjónustuaðilinn hafði tíma. Áhugavert er að skjóta inn í að ákveðinn hreyfing hefur verið í gangi á Vesturlöndum sem kallast „Independent Living Movement“ sem hefur það að markmiði að fatlaðir sjálfir fái meiri völd yfir þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda og ráði meira um hvernig lífi þeir vilja lifa. Í stað þess að starfsfólk stjórni lífi þeirra þá stjórni fatlaðir starfsfólkinu sem er fengið til aðstoðar.

Hér á landi hefur verið nokkur vakning í þessum málum, mest í innsta kjarnanum sem starfar að málefnum fatlaðra og ég er að vona að þessi hreyfing breiði úr sér og þjónustuaðilar átti sig á hvað mikilvægt er fyrir hinn fatlaða einstakling að stjórna lífi sínu sjálfur. Ef við tökum dæmi um þjónustu sem fatlaður einstaklingur telur mikilvægt að hann stjórni sjálfur þá er það til dæmis að ef hann vill fara á fætur kl. 8 að morgni þá á hann að fá aðstoð á þeim tíma en ekki á þeim tíma sem aðrir ákveða fyrir hann og ef hann er að fara út um kvöldið þá á hann að geta farið fram á að fá að borða það snemma að hann komist út.“

hann að geta farið fram á að fá að borða það snemma að hann komist út.“

Jafnrétti og sjálfmynd

Við leiðum hugann að aðgengi fatlaðra sem mikið er í umræðunni og hversu mikil áhrif það hefur á líf þátttakenda í rannsókninni.

„Þátttakendur bjuggu annaðhvort í fjölbýlishúsum sem voru í eigu hagsmunasamtaka fatlaðra eða í þjónustubúðarkjörnum. Kjarnarnir samanstóðu af nokkrum íbúðum þar sem fatlað fólk

Sjálfstæð búseta fatlaðra með utanaðkomandi stuðning og þjónustu er nýlegt búsetuform hér á landi. Verið er að próa ný þjónustuúrræði og stuðning fyrir þennan hóp Sum þátttakenda í rannsókninni eru fyrstu einstaklingarnir sem fluttu í þetta skipulagða búsetuform. Það er því mikilvægt að kanna reynslu þessa hóps og því er helsti ávinningur rannsóknarinnar að afla þekkingar á upplifun þess sem margt hvert er brautryðjandi á þessu sviði.

bjó og aðstöðu á staðnum fyrir starfsfólk. Ungu fólkid var yfirleitt ánægt með það húsnæði sem það bjó í og nefndi að mikilvægt væri að húsnæði væri aðlagð eftir þörfum þeirra til að auka sjálfstæði. Það sama er ekki hægt að segja um opinberar byggingar sem fatlaðir þurfa að sækja eins og annað fólk og því miður hefur aðgengi að byggingum ekki breyst mikið frá því ég skiladi ritgerðinni af mér. Það eru til nýjar og flottar byggingar eins Þjóðminjasafnið sem veitir alls ekki fullkomna þjónustu hvað varðar aðgengi. Og þeir einstaklingar sem ég talaði við sögðu margir hverjir að þó það séu ákvæði í lögum og reglugerðum varðandi aðgengi er ekki farið eftir þeim í einu og öllu. Aðgengi hefur með jafnrétti að gera og sjálfsmynd einstaklingsins. Ef einhver kemst ekki inn á ákveðinn stað og ekki er gert ráð fyrir honum þá hefur það áhrif á hvernig hann lítur á sjálfan sig.“

Hrefna Karonina er spurð hvort eitthvað hafi komið á óvart eftir að hún fór að vinna að rannsókninni?

„Áður en ég hóf rannsókn mína var ég búin að kynnast málinu mjög vel og vissi vel að ábótavant var á mörgum sviðum þannig að það hefði ekkert átt að koma mér á óvart, en satt best að segja hafði ég ekki gert mér nógu mikla grein fyrir því hversu ástandið var slæmt og hvað lítið var komið á móts við unga fólkid þegar óskir þeirra voru bornar fram. Fannst mér stundum eins og brotið væri á rétti þeirra sem einstaklingum.. Á það verður að líta að fatlaðir sem ekki komast ferða sinna án hjálpar hafa sömu þarfir og þeir sem heilbrigðir eru og vilja fara á sömu staði og að þeim skuli ekki vera kleift að komast þangað er brot á mannréttindum.“

Mikilvægi rannsóknarinnar

Í kafla um mikilvægi rannsóknarinnar tekur Hrefna Karonina fram að verið sé að þróa ný þjónustuúræði og stuðning fyrir þennan hóp og því brýnt að stunda rannsóknir á þessu sviði til að uppbygging þjónustu verði markviss: „Sumir þátttakenda í rannsókninni eru fyrstu einstaklingarnir sem fluttu í þetta skipulagða búsetuform. Það er því mikilvægt að kanna reynslu þessa hóps og því er helsti ávinningur rannsóknarinnar að afla þekkingar á upplifun þessa unga hreyfihamlaða eða blinda fólks sem margt hvert er brautryðjandi á þessu sviði. Í rannsókninni var áhersla lögð á að skoða hvernig unga fólkid upplifir stöðu sína í íslensku samfélagi og hvort því finnist það hafa sama rétt og aðstæður og aðrir þjóðfélagsþegnar. Markmiðið var að fá innsýn í líf ungra hreyfihamlaðra eða blindra einstaklinga sem eru að feta sín fyrstu skref upp á eigin spýtur, en mikilvægt er að auka þekkingu og skilning á aðstæðum og þörfum þessa hóps. Vonast ég til að niðurstöður þessarar rannsóknar geti nýst ýmsum svo sem hagsmunasamtökum fatlaðra við stefnumótun í

þessum málaflokki. Einnig geta þjónustu- og stuðningsaðilar nýtt niðurstöðurnar við skipulagningu þjónustu. Auk þessa vonast ég til að rannsóknin nýstist fötluðu fólkid í baráttu þess fyrir aukinni samfélagsþátttöku og sjálfstæðu lífi.“

Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum

Hrefna Karonina er verkefnisstjóri hjá Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum og er hún spurð um starfsemina í dag:

„Það er margt áhugavert sem unnið er að hjá okkur. Okkar stærsta verkefni nefnist: Börn, ungmenni og fötlun. Þar er um að ræða rannsókn á lífi og aðstæðum fatlaðra barna og ungmenna og er talað við börnin sjálf sem er nýtt þar sem áður fyrr var alltaf talað við foreldra eða fagfólk um börnin Einnig er rætt við eldra fatlað fólk og það beðið að rifja upp hvernig það var að vera barn. Rannsókn mín fellur vel inn í þessa rannsókn þar sem einn angi af minni rannsókn var hvernig gekk að verða fullorðinn og aðgengi að fullorðinsþjónustu, en það vill stundum

Sum þátttakenda í rannsókninni eru fyrstu einstaklingarnir sem fluttu í þetta skipulagða búsetuform.

Það er því mikilvægt að kanna reynslu þessa hóps og því er helsti ávinningur rannsóknarinnar að afla þekkingar á upplifun þessa

unga hreyfihamlaða eða blinda fólks sem margt hvert er brautryðjandi á þessu sviði.



Á nýafstöðnu þingi Sjálfshjargar Ísf flutti Hrefna Karonina Óskarsdóttir ávarp þar sem hún fjallaði um rannsóknir sínar.

gerast að talað er um fatlað fólk sem fullorðin börn, en þau þroskast og fullorðnast eins og annað fólk.

Verkefnið er í fullum gangi, talað er við alla sem við náum í, og markmiðið er að vera með eins breiðan hóp og hægt er og hefur gengið mjög vel að fá fólk til að starfa með okkur í verkefninu. Því átti að ljúka á þessu ári en ljóst er að það mun taka lengri tíma. Nemendur í fötlunarfræðum taka þátt í vinnunni með okkur og veita okkur mikinn stuðning en þetta er það stórt verkefni að við þurfum lengri tíma.

Rannsóknarsetrið sem var stofnað 2006 er eingöngu rekið á styrkjum og við erum í eilífri baráttu við að halda okkur gangandi og leita eftir fjármagni og stór hluti af mínu starfi er að sækja um styrki og vinna að fjáröflun. Hingað til hefur það gengið ágætlega og er engin ástæða til að ætla annað en svo muni vera áfram og að starfsemi rannsóknarsetursins sé komin til að vera.

Úttekt á aðgengi fatlaðra í helstu byggingum Háskóla Íslands

Í byrjun árs gerði Vaka úttekt á aðgengi fatlaðra í fimm helstu byggingum Háskóla Íslands í samstarfi við ungliðahreyfingar Blindrafélagsins (Ungblind) og Sjálfsbjargar (Ný-ung). Fulltrúar alþjóða- og jafnréttisnefndar Vöku sáu um skipulag og undirbúning úttektarinnar sem að þeirra mati var löngu tímabær. Þátttakendur voru Ásdís Jenna Ástráðsdóttir (fjölfötluð), Hulda Magnúsdóttir (tvenndarlömun CP), Friðrik Ólason (er í hjólastól vegna blæðingar inn á heila eftir fæðingu) og Bergvin Oddson (lögblindur).

Byggingarnar sem voru í úttektinni eru Oddi, Árnagarður, Lögberg, Aðalbyggingin og Háskólatorg.

Þátttakendur komu miðvikudaginn 30. janúar klukkan 15:00 í Odda og þar voru tekin viðtöl við hvern og einn þar sem þau voru spurð opinna spurninga um líf þeirra og tilveru. Eftir viðtölin fengu þau verkefni sem þau áttu að leysa. Verkefnum var útteilt til þátttakenda af handahófi, sá sem kom fyrstur á staðinn fékk verkefni A, sá sem kom annar á staðinn fékk verkefni B og svo koll af kolli. Verkefni snérist um að fara frá Odda í fyrirfram ákveðnar stofur í öðrum byggingum, fylgst var nákvæmlega með för þátttakenda með það í huga að athuga aðgengið. Verkefnunum lauk með þeim hætti að



Ýmislegt má bæta í Háskóla Íslands til að aðgengi fyrir fatlað fólk verði eins og best verður á kosið.

þátttakendur komu aftur á byrjunarreit og sögðu frá reynslu sinni. Flest lentu þau í einhverjum hrakningum á leið sinni og greindu skilmerkilega frá því hvað er áriðandi að bæta í aðgengismálum fatlaðra í Háskóla Íslands.

Þeirra upplifun og skynjun á aðgenginu sem kom fram í könnuninni var síðan tekið saman í skýrslu og hún afhent rektor Háskóla Íslands ásamt því að krefjast úrbóta á því sem hamlar fötluðum för um skólann.

Gaukshreiðrið

Athyglisverðasta leiksýning áhugaleikhóps

Gaukshreiðrið sem Halaleikhópurinn sýndi í vetur í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar var valin athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2007-2008. Í dómnefnd voru þær Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri og Vigdís Jakobsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Þjóðleikhússins. Í umsögn dómnefndar segir: „Verkefnaval Halaleikhópsins ber vott um mikinn metnað, kjark og stórhug. Leikhópurinn, sem hefur það að markmiði að „iðka leiklist fyrir alla“ fagnaði fimmtán ára afmæli sínu á þessu leikári. Rétt eins og Halaleikhópurinn hefur auðgað leiklistarflóru áhugaleikfélaga og leiklistar í landinu almennt, öðlast hið þekkta leikrit Gaukshreiðrið nýjar víddir í meðförum leikhópsins. Fötluð leikenda stendur engan veginn í vegi fyrir túlkun á verkinu, heldur þvert á móti auðgar hana og styrkir. Styrkur sýningarinnar felst þannig ekki síst í sterkri líðsheild, þar sem hver einstaklegur fær að njóta sín á eigin forsendum, þó hlutverkin séu vissulega mismunandi stór. Framsögn er til mikillar fyrirmyndar og sama má segja um hlustun og allan samleik. Langmest mæðir á þeim Gunnari Gunnarssyni (Gunsó) í hlutverki Randle P. Murphy og Sóleyju Björk Axelsdóttur í hlutverki Ratchet hjúkrunarkonu. Bæði skiludu þau

hlutverkum sínum mjög vel. Leikmynd, búningar, lýsing, hljóðmynd og förðun myndaði sterka heild og einstaklega sannfærandi umgjörð um sýninguna.

Átak í Reykjanesbæ

Bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ hafa unnið að undanfögnu við undirbúning ataks með það fyrir augum að að bæta aðgengi fyrir fatlaða í bæjarfélaginu í samræmi við markmið bæjaryfirvalda sem fram koma í Framtíðarsýn Reykjanesbæjar 2006 – 2010. Bærinn mun aðstoða og hvetja fyrirtæki til að bæta aðgang að starfsstöðum sínum og á helstu þjónustuleiðum. Gerð verður úttekt á farartálmum og í framhaldi lögð fram áætlun um það hvernig megi fækka þeim eða eyða. Vinna við undirbúninginn tafðist í vetur vegna snjóá og ófærðar en nú er vinna komin á fullt aftur. Verslanir og þjónustufyrirtæki mega því búast við heimsókn tæknimanna, sem munu yfirfara og skoða stöðuna á hverjum stað með það fyrir augum að meta kostnað og gera tillögur til úrbóta.

– Takk fyrir veittan stuðning –

REYKJAVÍK

Aðalblíkk ehf, Vagnhöfða 19
Aðalvík ehf, Seiðakvísl 15
Aleflí ehf byggingaverktakar, Parabakka 3
Alþýðusamband Íslands, www.asi.is, Sætúni 1
ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarslóð 9
Arkform, T.G.M. ráðgjöf, Ármúla 38
Arkítektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164
Arkitektastofa Finns og Hilmars, Bergstaðastræti 10
Arkitektastofan OG ehf, Sóltúni 1
ASK Arkítektar ehf, Geirsgötu 9
Auglýsingamiðlun ehf, Garðastræti 13
Áfengis- og tobaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2
Áttak ehf, Stórhöfða 33
Árni Reynisson ehf, Laugavegi 170
Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a
Ásfell ehf, Fremmistekki 11
Bakarameistarinn ehf, Stígahlíð 45-47
Bananar ehf, Súðavogi 2e
Bendingar ehf, Bæjarflöt 8f
Beta líf ehf, Kringlunni 8
BGI málarar ehf, Brekkubæ 17
Bifreiðabyggingar sf, Tangarhöfða 5
Bílasalan Höfðahöllin ehf, Kletthálsi 2
Bílasmiðurinn hf, Bildshöfða 16
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
Borgarblöð ehf, Vesturgötu 15
Bókautgáfan Hólar ehf, Hagaseli 14
Breiðholtskirkja, Þangbakka 5
BSRB, Grettisgötu 89
Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf, Borgartúni 31
Café Bleu, Kringlunni 4-12
CURRON hf, Ármúla 13a
Dúklagnameistarinn ehf, Geitlandi 7
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Efnalaug Árbæjar ehf, Hraunbæ 102
Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
Einar Jónsson Skipaþjónusta, Laufásvegi 2a
Einrúm ehf, Glæðheimum 20
Ekran ehf, Klettagarðar 19
Endurskoðendajónustan ehf, Skipholti 50d
Endurskoðun og reikningsskil hf, Stangarhyl 5
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
Englabörninn ehf, Laugavegi 51
Epal hf, Skeifunni 6
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Farmanna- og fiskim.samband Íslands, Grensásvegi 13
Fasteignamarkaðurinn ehf, Óðinsgötu 4
Fasteignasalan Garður ehf, Skipholti 5
Félag íslenskra bifreiðaeigenda, Borgartúni 33
Fjarhitun hf, Suðurlandsbraut 4
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf, Suðurlandsbraut 48
Fjölbautaskólinn við Ármúla, Ármúla 14
FoodCo ehf, Bolholti 4
Formprent, Hverfisgötu 78
Fröken Júlía ehf, Mjódd
G Hannesson ehf, Borgartúni 23
G.S.varahlutir ehf, Bildshöfða 14
Gallabuxnabúðin Kringlunni, Kringlunni 4-12
Gjögur hf, Kringlunni 7
GlaxoSmithKline, Þverholti 14
Glófaxi hf, Ármúli 42
Gluggasmíðjan hf, Viðarhöfða 3
Grand Hótel Reykjavík hf, Sigtúni 38
Grásteinn ehf, Grímshaga 3
Guðmundur Jónsson ehf, Borgartúni 34
Gull og silfur ehf, Laugavegi 52
Gunnar afi SH 474

Gæðafæði ehf, Bildshöfða 14
Hafgæði sf, Fiskislóð 47
Harald og Sigurður ehf, Stangarhyl 6
Hár og hamar ehf, Hrírateigi 47
Hárgreiðslustofa Höllu Magnúsdóttur, Miðleiti 7
Heggur ehf, Bildshöfða 18
Heimilisprýði ehf, Hallarmúla 1
HGK ehf, Laugavegi 13
HJ bílar ehf, Berjarima 35
HM Bókhald ehf, Kringlunni 7
Hreysti ehf, Skeifunni 19
Hugmót ehf, Skipholti 29
Hús verslunarinnar sf, Kringlunni 7
Húsaklæðning ehf, Ingólfsstræti 3
Húsun ehf, Hamarshöfða 6
Húsvirki hf, verktaki, Lágumúli 5
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa, Brautarholti 8
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Ice Consult ehf, Mörkinni 6
Iceland Seafood ehf, Köllunarklettsvegi 2
Íðntré ehf, Draghálsi 10
Ingileifur Jónsson ehf, Funahöfða 6
Innheimtustofa Reykjavíkur, Vegmúla 2
Ísleifur Jónsson ehf, Draghálsi 14-16
Íslensk endurskoðun ehf, Bogahlíð 4
Íslenska auglýsingastofan, Laufásvegi 49-51
Íþróttasamband fatlaðra, Engjavegi 6
Kandís, heildverslun, Borgartúni 29
Kafólska kirkjan á Íslandi, Hávallagötu 14-16
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Kjartan Gunnarsson, Starhaga 4
Kjálkar ehf, Laugavegi 163
Klapparholt ehf, Esjurgötu 68
KOM almannatengsl, Borgartúni 20
Kone ehf, Síðumúla 17
Kólus ehf, Tunguhálsi 5
KPMG hf, Borgartúni 27
Kraftur hf, Vagnhöfða 1
Kveikur ehf, Bildshöfða 18
Lagnagæði ehf, Flúðaseli 94
Landssamtökin Proskahjál, Háaleitisbraut 13
Langholtskirkja, Sólheimum 13
Laugarneskirkja, Kirkjuteigi
Láshúsið ehf, Bildshöfða 16
Lindin, kristið útlarp FM 102,9, Krókhálsi 4
Listasafn Hótel Holt ehf, Bergstaðastræti 37
Loftstökkahreinsun ehf s: 5670882, Garðhúsum 6
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf, Vegmúla 2
Lögmenn Fortis ehf, Laugavegi 7
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Matthías ehf, Vesturfold 40
Menntaskólinn í Reykjavík, Lækjargötu 7
Mentis hf, Borgartún 29
Múr- og málningarpjónustan Höfn ehf, Réttarhálsi 2
NM ehf, Brautarholti 10
Nobex ehf, Skútuvogi 1 b
Nói-Sírús hf, Hesthálsi 2-4
Nýi ökuskiólinn ehf, Klettagörðum 11
Oddgeir Gylfason, tannlæknir, Síðumúla 58
Óliudreifing ehf, Gelgjutanga
Orkuvirki ehf, Tunguhálsi 3
Ottó B. Arnar ehf, Skipholt 17
Ólafur Þorsteinsson ehf, Vatnagörðum 4
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Pípulagnaverktakar ehf, Langholtsvegi 109
Pottþétt ehf, Hjallalandi 30
Rafey ehf, Hamrahlíð 33a
Rafha ehf, Suðurlandsbraut 16
Rafneisti ehf, Langholtsvegi 112b
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23

Rafteikning hf, Suðurlandsbraut 4
Raftúni ehf, Eyjarslóð 3
Rannsóknarþjónustan Sýni ehf, Lynghálsi 3
Reykjaprent ehf, Síðumúla 14, 2. hæð
Rimaskóli, Rósarima 11
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
Rögn ehf, Ármúla 17a
Röntgen Domus Medica, Egilsgötu 3
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, Hús Sjómannaskóla v/ Háteigsvegi
Samson eignarhaldsfélag ehf, Sigtúni 42
Samsyn ehf, Háaleitisbraut 58-60
Satúrnis ehf, Brautarholti 4a
Saxhóll ehf, Nóatúni 17
Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1
Seljakirkja, Hagaseli 40
Setberg, bókaútgáfa, Freyjögötu 14
SFR stéttarfélag í almannajónustu, Grettisgötu 89
Sigurraf ehf, Stararima 5
SÍBS, Síðumúla 6
Sjá-óháð veðráðgjöf ehf, Ingólfsstræti 1a
Skorri ehf, Bildshöfða 12
Skólavefurinn.is, Laugavegur 163
Skóverslunin Bossanova, Kringlan 8-12
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
SORPA, Gufunesi
Sprinkler pípulagnir ehf, Bildshöfða 8
Staur ehf, Skipholti 56
Stálsmiðjan ehf, Mýrargötu 10-12
Stólpi ehf, Klettagörðum 5
Stúdío Stafn ehf, Ingólfsstræti 6
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Sveinsbakarí, Amrabakka 4-6
Sökkull ehf, Funahöfða 9
T. ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6
Talnakönnun hf, Borgartúni 23
Tandur hf, Hesthálsi 12
Tannlæknastofa Egil Kolbeinssonar, Grensásvegi 44
Tannlæknast. Friðgerðar Samúelsdóttur, Laugavegi 163
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar, Þangbakka 8
Teiknistofan Óðinstorgi verkfræðideild, Óðinsgötu 7
Tjaldstæðið Laugardal, s. 568-6944, reykjavikcampsite.is
Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3
Tryggingamiðlun Íslands ehf, Síðumúla 21
Tryggingastofnun ríkisins, Laugavegi 114
Túnþökupjónustan ehf sími: 897 6651, Reykási 43
Tölvar ehf, Síðumúla 1
Tölvu- og tækniþjónustan ehf, Grensásvegi 8
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2
Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar, Fjarðarási 25
VA arkítektar ehf, Borgartúni 6
Vagnasmíðjan - Húsvagnar ehf, Eldshöfða 21
Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164, 2 hæð hægri
Verkfærasalan ehf, Síðumúla 11
Vélar og verkfæri ehf, Skútuvogi 1c
Vélsmiðjan Harka hf, Hamarshöfða 7
Við og Við sf, Gylfaflöt 3
Vilhjálmsson sf, Sundaborg 1
Vinnuálastofnun, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Viking ehf, Bildshöfða 12
VT þjónustan, Esjurgötu 18
Vörslusviptingar ehf, Tangarhöfða 9
Yogastöðin Heilsubót, Síðumúla 15
Þýðingajónusta Boga Arnars, Engjasetli 43
Öldurhús ehf, Tryggvagötu 22
Öryggismiðstöð Íslands hf, Borgartúni 31

Aðgengi eru mannréttindi

Aðgengi ehf. er fyrirtæki sem þau Guðmundur Magnússon og Harpa Ingólfssdóttir reka.

Eins og nafnið bendir til þá er markmið fyrirtækisins að huga að aðgengi í byggingum og bjóða fyrirtækjum og einstaklingum ráðgjöf við hönnun og úttekt, aðgengi og frágengi, frágang lóða og stíga með tilliti til aðgengis. Þá er einnig á stefnuskrá fyrirtækisins að koma upp gagnabanka þar sem verður aðgengi að upplýsingum um félög tengda fötluðum, hjálpartæki, ferðalög og þjónustu svo eitthvað sé nefnt.

Klifur heimsótti Guðmund og Hörpu þar sem þau eru nýbúin að koma sér upp aðstöðu í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg. Guðmundur verður fyrst fyrir svörum um stofnun fyrirtækisins:

„Við vorum bæði búin að vera í að taka út húsnæði með aðgengi fatlaðra í huga áður en við stofnuðum fyrirtækið í október 2005, ég einhverjum árum lengur enda eldri, en ég byrjaði að huga að þessum málum árið 1992. Má segja að þegar ég

fór að kafa ofan í aðgengismál þá hafði ég fljótt gert mér ljóst að þetta var eitthvað sem ég gæti vel hugsað mér að starfa við og gerði það án þess þó að stofna fyrirtæki í kringum reksturinn. Þegar við Harpa náðum svo saman var ákveðið að stofna fyrirtækið enda mun betra að vera með eitt fyrirtæki heldur en að starfa tvö við það sama í sitt hvoru lagi. Það var einnig mikill ávinningur fyrir mig að Harpa kemur inn í fyrirtækið með menntun sem

byggingarfræðingur og hefur leyfi til að hanna húsnæði. Ég byrjaði í rauninni aðeins á því að taka út húsnæði og benda á hvað betur mætti fara en Harpa kemur með menntunina sem gerir það að verkum að við getum farið að teikna sé þess óskað.“

„Ferill minn að því markmiði að reka fyrirtæki sem hefði á stefnuskrá sinni aðgengi fyrir alla, er nokkuð langur,“ segir Harpa. „Ég fór fyrst í Iðnskólann í



Guðmundur Magnússon og Harpa Ingólfssdóttir skoða teikningar að breyttu aðgengi í Hlíðaskóla.

Reykjavík og lærði tækniteiknun til að komast inn í byggingarfræði í Danmörku sem ég og gerði og útskrifaðist sem byggingarfræðingur. Þegar ég kom heim fór ég að vinna á teiknistofu og um leið að huga að aðgengi fyrir fatlaða og var komin vel af stað þegar við Guðmundur ákváðum að stofna fyrirtækið.“

Aðgengi í brennideplinum

Vaðandi úttekt þá býður Aðgengi fyrirtækjum og einstaklingum að gera nákvæma úttekt á aðgengi fatlaðra að öllu húsnæði þess. Úttektin nær meðal annars til aðkomu (bílastæði og leið þaðan að útidrym), útidrym (tröppur, handrið, dyrabreidd og þröskuldar), anddrym (umferðaleiðir, upplýsingar o.s.frv.), stigum, lyftum, göngum, skrifstofum og öðrum herbergjum. Einnig eru vinnu- aðstöður skoðaðar, hver hæðin er undir borð og fleira. Úttektin er gerð með hliðsjón af grunnreglum Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra í samfélaginu.

Þau Guðmundur og Harpa segja aukinn áhuga vera á aðgengi fyrir fatlaða enda séu þau mál mannréttindamál sem eru mikið í brennideplinum allsstaðar í hinum vestræna heimi og þá ekki síst í umræðum um mannréttindi. Allar byggingareglur leiða að því að aðgengi eigi að vera fyrir alla að mannvirkjum sem ætluð eru til almenningsnota, húsnæði, verslanir og þjónustufyrirtæki á að vera fullnægjandi í þessum eignum. Auk þess eiga allir vinnustaðir að vera aðgengilegir öllum svo fulls jafnréttis sé gætt.

„Vinna okkar felst í svo mörgu hvað varðar aðgengi. Í dag erum við mikið að vinna fyrir Reykjavíkurborg í sambandi við aðgengi í byggingar á vegum borgarinnar, bæði hvað varðar breytingar og einnig förum við yfir teikningar áður en framkvæmdir hefjast. Það er miklu auðveldara að breyta á teikniborðinu heldur en þegar búið er að byggja.“

Þegar Guðmundur og Harpa eru spurð hvort miklar framfarir hafi orðið í aðgengismálum á síðustu árum svara þau því til að aðgengi þegar á heildina er lítið, hafi heldur verið að skána: „Ég ætla að vona að við eigum einhvern þátt í því,“ segir Guðmundur,“ enda höfum við verið dugleg í að benda á hvað betur fer í þessum eignum. Ef við tökum aðgengi eins og það var þegar ég lamaðist fyrir 32 árum þá hefur orðið mikil breyting en framfarimar hafa verið mjög hægar.

Jákvætt dæmi er meðal annars að fyrir þrjátíu árum var ekki hægt að komast eftir gangstéttum þar sem brúnirnar voru svo háar. Þetta hefur sem betur fer verið lagað á undanförunum árum og ástand gangstétta í Reykjavík er mjög gott. En það var ekki fyrr en 1992 sem farið var að gera niðurfellingarnar.“

Vantar styrki til breytinga á húsnæði

Aðgengi vinnur jafnt fyrir einstaklinga sem og fyrirtæki og stofnanir. Vaðandi einstaklinga þá kemur það fyrir að vegna veikinda eða slyss þá þarf að breyta húsnæðinu og þá er aðstoðin ekki nógu mikil: „Það vantar sjóði sem fólk getur sótt um styrki til að breyta aðgengi þar sem þetta er oft kostnaðarsöm aðgerð. Ef við tökum dæmi um einstakling sem þarf að breyta öllu heima hjá sér svo hann komist ferða sinna þá er mjög lítið um aðstoð sem hann getur fengið. Tryggingarstofnun var með hagstæð lán fyrir þetta fólk en það sem vantar er að fólkið fái styrk sem ekki þarf að borga vexti og afborganir af. Hægt er að fá viðbótarlán hjá Húsnæðismálastofnun en það þarf að borga af láninu á fullum vöxtum og einstaklingur sem tekur viðbótarlán þarf að vera vel stæður eigi hann að standa undir þeim afborgunum sem eru af láni sem veitt er eingöngu til að hann geti komist ferða sinna. Það er ekki endalaust hægt að bæta lánunum á sig, það þekkja allir. Og allra síst þegar þarf að minnka vinnu eða lifa á bótum.“

Aðgengi fyrir alla

Í byggingalögum er skýrt kveðið á um að aðgengi að byggingum eigi að vera fyrir alla: „Strax í fyrstu byggingalögunum sem eru frá 1979 þar sem reglur eru um opinberar byggingar þá dugðu slík lög ekki til,“ segir Guðmundur. „Strax var farið í hártoganir um hvað væri opinber bygging, er það húsnæði sem er í eigu ríkis eða sveitarfélaga eða er það húsnæði þar sem ríki og sveitafélög eru með aðstöðu og um þetta var þrátt og þessi lög komu ekki að fullu gagna þrátt fyrir góðan ásetning. Lögin hafa síðan tekið breytingum til að gera þau skýrari og inn í þau eru einnig sett önnur húsnæði en opinberar byggingar þannig að nú eru fyrirtæki ekki undanskilin lögum um aðgengi fyrir alla. En þrátt fyrir allan vilja yfirvalda þá eru lögin ekki virt af öllum. Ótrúlega margir reyna að komast hjá þeim

og það er mjög sjaldan sem við sjáum verslun eða fyrirtæki, sem er til fyrirmyndar hvað varðar aðgengi. Í fljótu bragði man ég ekki eftir neinu húsnæði sem hýsir stofnun, verslun eða fyrirtæki sem ég get bent á að sé til fyrirmyndar hvað varðar aðgengi en þetta er að lagast.“

Harpa tekur fram að þau bindi miklar vonir við ný mannvirkjalög: „Ekki eru allir á eitt sáttir um þau en margt er gott í þessum lögum sem við bindum vonir við að verði til að bæta aðgengi og að fólk fari eftir því sem þar kemur fram. Einnig er vert að nefna hinn nýja sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra þar sem skýrt er tekið fram hvemig hlutirnir eiga að vera og er nú verið að skoða hvaða lögum þarf að breyta til að hægt sé að löggilda hann. Þegar sáttmálinn og mannvirkjalögin eru komin í gagnið ætti eitt-hvað að fara að gerast í þessum málum.“

Fórum hægt af stað

Eins og áður hefur komið fram þá er aðgengi mikið í umræðunni og mikill þrýstingur er á að þessi mál séu í lagi hjá fyrirtækjum og stofnunum. Þau Guðmundur og Harpa segja að verkefnið sem komi inn á borð til þeirra séu fjölbreytt og alltaf fleiri og fleiri leiti til þeirra: „Við erum eins og er mest með fyrirtæki og stofnanir sem eru að breyta eða að byggja og við sjáum í raun fram á mikla aukningu í þessum eignum. Öll fyrirtæki sem vilja standa undir nafni vilja hafa þessi mál í lagi hjá sér. Hvað varðar þau verkefni sem við erum með núna þá höfum við verið að skoða skólana hjá borginni og það verður að segjast eins og er að ótrúlegt er að vita til þess að á sama tíma og verið er að tala um aðgengi fyrir alla í skólum þá eru þeir mjög illa í stakk búnir hvað varðar aðgengi. Þeir eru mjög misgamlir og er ástandið verst í gömlu skólunum en tiltölulega nýjir skólar eru heldur ekki með gott aðgengi fyrir fatlaða hvort sem þeir eru hreyfihamlaðir, heyrnarskerðir eða blindir.“

Aðgengi ehf. er nú á sínu þriðja starfsári og aðstaðan hjá þeim Guðmundi og Hörpu hefur batnað til muna: „Eftir að við fengum húsnæðið í Heilsuverndarstöðinni þá erum við mun betur í stakk búnin til að taka að okkur viðameiri verkefni og við lítum björtum augum á framtíðina hvað varðar hag fyrirtækisins og vonum að allir geri sér grein fyrir því að aðgengi er mannréttindamál.“

Ferðapjónusta bænda: Vottað aðgengi fyrir fatlaða

Allir þekkja flokkunarkerfi hótela sem er frá 1 stjörnu upp í 5 stjörnur. Í leiðbeiningum um stjörnujöfina segir meðal annars: „Flokkunin er ekki sem slík altækur dómur um gæði viðkomandi gististaðar. Hún tekur eingöngu mið af þáttum sem hægt er að mæla með hlutlægum hætti, þ.e. hvort tiltekin aðstaða eða þjónusta er til staðar eða ekki. Um er að ræða úttekt á yfir 100 mismunandi atriðum.“ Eitt af þessum atriðum ætti að sjálfsögðu að vera aðgengi fyrir fatlaða, en svo er ekki. Heldur er tekið fram í kafla þar sem verið er að telja upp hvað flokkunin felur í sér að aðgengi fyrir fatlaða er ekki inni í flokkuninni, en að vísu er bent á að „mörg önnur atriði geti skipt verulegu máli við markaðssetningu gististaða og „gæði“ gistingar. Þeim verður hver og einn að koma á framfæri með öðrum hætti,“ sem gerir það að verkum að mörg hótél og gistiheimili sem vilja standa undir nafni hafa fengið vottun fyrir aðgengi fyrir fatlaða en margt er enn ábótavant í þessum efnunum.

Fyrir fatlaða sem vilja ferðast um landið okkar þá hefur

Ferðapjónusta bænda verið með átak í þessum efnunum. Það var árið 2005 sem var gerð úttekt á öllum bæjum og hótélum innan Ferðapjónustu bænda til að meta sérstaklega aðstöðu fyrir þá sem eru hreyfihamlaðir. Markmiðið var að gefa hreyfihömluðum, söluaðilum og öðrum sem málið varðar gleggri mynd af aðstöðunni í dag. Jafnframt að veita ferðapjónustubændum ráðgjöf um það sem betur má fara varðandi bætt aðgengi fyrir alla og hvetja þá til að gera úrbætur á þessu sviði. Viðmiðunin var að einstaklingur sem bundinn er í hjólastól og ferðast einn geti komist inn í viðkomandi hús án hindrana og aðstoðar, að hann geti nýtt sér þá þjónustu sem þar er í boði hvort heldur um er að ræða veitingar, gistingu, eða afþreyingu og að staðurinn bjóði aðgengilega þaðherbergisaðstöðu. Í dag eru það 25 staðir innan Ferðapjónustu bænda sem bjóða upp vottað aðgengi fyrir fatlaða. Hér fer uppfærður listi yfir bændagistingu sem telst aðgengilegur fötluðum og grunnupplýsingar staðina.

Brunnhóll á Mýrum

Velbúid reyklaust gistihús með björtum og rúmgóðum herbergjum, setustofum og eldunaradstöðu. Tveggja manna herbergi og fjölskylduherbergi, öll með sérbaðherbergi nema tvö tveggja manna herbergi. Sjónvarp/hárþurrkur á herbergjum. Kvöldverðarhlaðborð. Falleg jöklasýn, merkt gönguleið að Fláajökli (6 km). Næsta þéttbýli: Höfn, 30 km.

Drangshlíð A-Eyjafjöllum

Gisting í tveimur húsum. Mögulegt að leigja húsinn fyrir fjölskyldur eða hópa. Í öðru húsinu eru 6 herbergi og eldunaradstaða í miðrymi. Í hinu húsinu eru 19 herbergi og 60 manna salur. Áhugaverðir staðir í nágrenninu eru t.d. Seljalandsfoss, Dyrhólaey, Sólheimajökull, Skógarfoss og byggðasafnið á Skógum. Næsta þéttbýli: Hvolsvöllur og Vík.

Dæli í Viðidal

Gisting í 5 tveggja manna herbergjum án baðs og 6 tveggja manna herbergjum með baði, þar af tvö fjölskylduherbergi. Einnig eitt fjögurra til sex manna sumarhús. Eldunaradstaða í þjónustuhúsi við tjaldsvæðið. Matsalur fyrir allt að 60 manns. Áhugaverðir staðir: Kolu-gljúfur, Borgarvirki, Hvítserkur og Bakkadalur. Næsta þéttbýli: Hvammstangi, 25 km.

Eldá við Mývatn

Gistihús og heimagisting í íbúahverfinu í Reykjahlíð. Lágmarksdvöl 2 nætur frá 1. júlí til 20. ágúst. Ýmsar áhugaverðar skoðunarferðir eru í boði á vegum Eldár. Bátaleiga og bátsferðir um vatnið. Silungsvéiði. Margar göngu-leiðir. Næsta þéttbýli: Reykjahlíð, 0,5 km.



Öll aðkoma fyrir fatlaða
er til fyrirmyndar á Hótel
Eldhestum í Ölfusi.

Fossatún í Borgarfirði

Veitingahús og 5 stjörnu tjaldsvæði samkvæmt flokkun Ferðamálastofu. Góð funda- og ráðstefnuadstaða. Á tjaldsvæðinu er gott rými fyrir tjöld, fellihýsi, húsvagna og húsbíla. Mjög góð hreinlætisaðstaða, heitir pottar. Frábær afþreyingar- og leikaðstaða fyrir börn,

unglinga og fullorðna. Merktar gönguleiðir. Fossatún er við veg nr. 50. Næsta þéttbýli: Borgarnes, 18 km.

Geirland á Síðu

Gisting í 28 herbergjum með baði, einnig 4 herbergi án baðs á sérhæfðum í bænum. Eins og

tveggja manna herbergi auk fjölskylduherbergja. Veitingahús á staðnum sem rúmar 80 manns í sæti. Daglegar skoðunarferðir yfir sumarið m.a. í Laka, Eldgjá, Landmannalaugar og Skaftafell. Gönguleiðir. Geirland er 2 km frá vegi 1. Næsta þéttbýli: Kirkjubæjarklaustur, 3 km.

Gistihúsið Langaholt, Görðum

Langaholt er staðsett á langri gullinni strönd þar sem fuglalíf er fjölbreytt. Á staðnum eru alls 20 herbergi með baði, 19 tveggja manna og 1 eins manns. Veitingar og vínveitingaleyfi. Vinsælt tjaldsvæði. Góð staðsetning fyrir skoðunarferðir um Snæfellsnes. Garðar eru við veg 54. Næsta þéttbýli: Ólafsvík, 33 km.

Hestakráin á Skeiðum

Hestakráin er með gistingu í 9 tveggja manna herbergjum og 1 fjölskylduherbergi, öll með sérbaðherbergi. Hestakráin er einnig sveitakrá og veitingastaður sem tekur um 50-70 gesti í sæti. Hestaferðir í boði 1. maí til 1. október, styttri og lengri ferðir. Hestakráin er vel staðsett fyrir skoðunarferðir um Suðurland. Staðsett við veg 30. Næsta þéttbýli: Flúðir, 17 km.

Heydalur í Mjóafirði, Ísafjarðardjúpi

Í boði eru átta tveggja manna og eitt þriggja manna herbergi með salerni og sturtu sem innréttuð hafa verið í hlöðu og fjósi og eitt sumarhús. Gengið er inn í hvert herbergi utanfrá. Afþreying: Kajakróður í Mjóafirði, hestaleiga, silungsvæði, merkt gönguleið yfir í Skötufjörð og heit náttúruleg laug. Tjaldsvæði með aðgangi að salerni. Heydalur er við veg 61. Næsta þéttbýli: Hólmavík 90 km.

Hof í Vatnsdal

Ný gístaðstaða í sérhúsi á sveitabæ. 6 tveggja manna herbergi með baði, 4 tveggja manna herbergi án baðs. Eldhús og hlýleg stór setustofa. Heitur pottur og útgítrill. Áhuga-verðar gönguleiðir og staðir í nágrenninu. Landnámsjörð Vatnsdælasögu. Hof er í austanverðum Vatnsdal, við þjóðveg 722, 16 km frá þjóðveg 1. Næsta þéttbýli: Blönduós, 32 km.

Hótel Anna, Moldnúpi

Gisting í 5 tveggja manna vel útbúnum herbergjum með baði, sjónvarpi og síma. Kaffi Önnuhús – 45 manna veitingastofa. Léttir réttir í boði, sérstakur hópamatseðill. Heitur pottur og sauna fyrir hótelgesti. Gestum býðst að kynna lífinu í sveitinni og komast nálægð við dýrin. Moldnúpur er við veg nr. 246. Næsta þéttbýli: Hvolsvöllur, 33 km.

Hótel Eldhestar – Vellir í Ölfusi

Sveitahótel með öllum þægindum; herbergi með baði, sjónvarp og nettenging í hverju herbergi. Hótelíð er tileinkað umhverfinu og

sögu íslenska hestsins. Matsalur fyrir 60 manns, bar og ráðstefnuaðstaða. Auk gistingar bjóða Eldhestar upp á fjölbreytt úrval hestaferða. Vellir eru staðsettir við veg 1. Næsta þéttbýli: Hveragerði, 2 km.

Hótel Gullfoss, Brattholti

Sveitahótel á bökkum Hvítár. 16 tveggja manna herbergi með baði og 70 manna veitingasalur með fallegu útsýni. Boðið er upp á fjölbreyttan matseðil. Heitir pottar. Brattholt er síðasti bærinn áður en lagt er á hálendið um Kjalveg. Stutt er á sögufræga staði t.d. Geysi, Gullfoss, Skálholt og Þingvelli. Næsta þéttbýli: Reykholt, 25 km.

Hótel Höfðabrekka í Mýrdal

Sveitahótel í umhverfi Víkur í Mýrdal. 62 tveggja manna herbergi, öll með sérbaðhergi og sjónvarpi og þrjú herberhi án baðs. Eldunaraðstaða í sérhúsi. Heitir pottar. Góð veitingaáðstaða. Vel staðsett til að skoða Dyrhólaey. Fuglalíf. Jöklaferðir á Mýrdalsjökull. Silungsvæði. Næsta þéttbýli: Vík, 5 km.

Hotel Natur, Þórisstöðum á Svalbarðaströnd

Gisting á friðsælum stað. 22 tveggja manna herbergi og tvö þriggja manna herbergi, öll með baði, sjónvarpi og nettenginu. Hótelíð stendur við þjóðveg nr. 1 með góðu útsýni yfir Eyjafjörð. Áhersla lögð á upplýsingar um náttúruferðir á svæðinu. Merktar gönguleiðir til fjalls og fjöru með aðstöðu til fuglaskoðunar. Næsta þéttbýli: Akureyri, 14 km.

Hótel Staðarholt í Breiðdal

Gisting í 23 rúmgóðum herbergjum, öll með sérbaði og sjónvarpi. Veitingar í boði. Á staðnum er tjaldsvæði og heitur pottur til afnota fyrir gesti. Eldunar- og hreinlætisaðstaða fyrir tjaldgesti. Staðarborg er staðsett í fögru umhverfi Breiðdalsins. Fallegar gönguleiðir, fjölbreytt dýra- og fuglalíf. Næsta þéttbýli: Breiðdalsvík 7 km.

Hraunsnef í Norðurárdal

Sveitahótel sem býður upp á 10 tveggja manna herbergi með baði. Á veitingastaðnum er áhersla lögð á íslenskan mat. Tjaldsvæði. Margar skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu og þá er boðið upp á álfaleiðsögn og jeppasafarí upp að rótum Hraunsnefsaxlar. Góð staðsetning fyrir dagsferðir á Vesturlandi og Snæfellsnesi. Næsta þéttbýli: Borgarnes, 35 km.

Skúlagarður í Kelduhverfi

Gistihús í nágrenni þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum. 11 tveggja manna herbergi án baðs – möguleiki á aukarúmi inn á herbergi. Einnig tjaldsvæði með snyrtiaðstöðu. Í nágrenninu: Ásbyrgi, Dettifoss, Jökulsárgljúfur, Hljóða-

klettur. Fuglalíf. Skúlagarður stendur við veg 85 milli Húsavíkur og Kópaskers. Næsta þéttbýli: Kópasker, 47 km, Húsavík, 53 km.

Smáratún í Fljótshlíð

14 tveggja manna herbergi með baði í sérhúsi. Í séríbúð á bænum eru uppþúin rúm í herbergjum án baðs og 4 tveggja til fjögurra manna smá-hýsi. Svefnpokapláss einnig í boði. Veitingasalur fyrir 40–50 manns. Afþreying: Hestaleiga, styttri og lengri ferðir, gæsa- og silungsvæði. Sögusetrið, ferðir um söguslóðir Njálu. Smáratún er við veg 261. Næsta þéttbýli: Hvolsvöllur, 13 km.

Smyrlabjörg í Suðursveit

Ferðapjónustubær þar sem boðið er upp á gistingu fyrir 90 manns í herbergjum með baði og sjónvarpi. Veitingasalur rúmar 120 manns og þar er einnig notaleg setustofa. Á Smyrlabjörgum er hefðbundinn búskapur. Hentug staðsetning fyrir skoðunarferðir um Suð-austurland. Bátsferðir á Jökulsárlóni. Góðar gönguleiðir í nágrenninu. Smyrlabjörg standa við veg 1. Næsta þéttbýli: Höfn, 45 km.

Staðarskáli í Hnútafirði

Í gistihúsi Staðarskála eru 26 tveggja manna herbergjum með baði. Veitingasala og veislusalur sem tekur 90 í sæti. Hraðbanki og pósthús eru á staðnum. Gæsaveiði á haustin. Hjólaleiga. Byggðasafn, 12 km. Við veg 1, miðja leið milli Akureyrar og Reykjavíkur. Næsta þéttbýli: Hvammstangi, 34 km.

Sveitahótelíð Sveinbjarnargerði í Eyjafirði

Sveitahótel staðsett í austanverðum Eyjafirði. Gisting í tveimur húsum, 33 herbergi – öll með sérbaðherbergi, sjónvarpi og síma. Veislusalur fyrir allt að 100 manns í sæti. Boðið er upp á ekta íslensk sveitahlaðborð öll kvöld á sumrin á sanngjörnun verði. Góð staðsetning fyrir skoðunarferðir um Norðurlandið. Næsta þéttbýli: Akureyri, 15 km.

Syðri Vík í Vopnafirði

Gistihús með 6 tveggja manna herbergjum. Sameiginlegt eldhús og borðstofa. Séríbúð í sömu byggingu, þar sem eru þrjú gistirými uppi á lofti. Einnig tveir sumarþústaðir, fjögurra manna og átta manna. Styttri hestaferðir. Ágætis gönguleiðir í nágrenninu. Tilvalið að heimsækja Minjasafnið á Bustarfelli (15 km). Næsta þéttbýli: Vopnafjörður, 8 km.

Ferðapjónustan Öngulsstöðum III í Eyjafirði

Gisting í Eyjafjarðarsveit með útsýni yfir fjörðinn. 17 herbergi með baði (2ja, 3ja og 4ra manna herbergi). Þrjú tveggja manna herbergi með sérinnangi. Fundaðstaða, tilvalin fyrir námskeið og fyrirlestra. Góðar gönguleiðir í nágrenninu og stutt í áhugaverða staði. Næsta þéttbýli: Akureyri, 12 km.

Starfsmönnum þakkað



Fremri röð frá vinstri: Jón Hlöðver Áskelsson formaður stjórnar, Elín Ebba Guðjónsdóttir, Edda Pálsdóttir, Kristján Hjaltested, Sigríður Ágústsdóttir, Pálína Snorradóttir stjórnarmaður og Guðmundur Magnússon stjórnarmaður. Aftari röð frá vinstri: Borghildur Stefánsdóttir, Sigrún Magnúsdóttir, Pálína Lýðsdóttir, Ingibjörg M. Jóhannsdóttir, Sylvía Sigurðardóttir, Þórey Einarsdóttir, Stefán Matthíasson, Elín Ágústsdóttir, Sæmundur J. Hermannsson, Guðrún Erla Gunnarsdóttir, Guðlaugur Þ. Harðarson, Helga Guðmundsdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Þórunn Kristjánsdóttir, Valborg Huld Kristjánsdóttir, Sigríður Davíðsdóttir, Þórdís Richter og Tryggvi Friðjónsson.

Sjálfsbjargarheimilið hefur átt því láni að fagna að tuttugu og níu starfsmenn, sem er um það bil einn þriðji starfsmannfjöldans hefur starfað þar í meira en tíu ár. Þessum starfsmönnum var þakkað í Sjálfsbjargarheilinum 17. apríl síðastliðinn. Jón Hlöðver Áskelsson, formaður stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins afhenti þeim þakkletisvott fyrir langt og giftudrjúgt starf. Tveir úr hópnum hafa starfað þar lengur en 30 ár. Sjö hafa starfað lengur en 20 ár og tuttugu starfsmenn lengur en 10 ár.

Kom fram að ómetanlegt er fyrir hvern vinnustað að svo stór hópur starfsmanna skuli kjósa að helga sama vinnustað starfskrafta sína svo lengi sem raun ber vitni.

Ekki gátu allir þeir tuttugu og níu starfsmenn mætt við afhendinguna og á myndina vantar Hallfríði Sveinsdóttur, Valerie J. Harris, Erlu Jónsdóttur, Rut Friðriksdóttur, Jane Pullen, Garðar Halldórsson og Svanhildi Ólafsdóttur.

Nettó styrkir Sjálfsbjörg Isf.

Á Alþjóðadegi fatlaðra, 3. desember síðastliðinn dreifði verslunin Nettó til viðskiptavina sinna um allt land höldum til að bera plastpoka og fylgdi þeim miði með upplýsingum um starfsemi Sjálfsbjargar Isf. Höldurnar fékk Nettó hjá Sjálfsbjörg um leið í kjölfarið styrkti Nettó Sjálfsbjörg um 400.000 kr. Þessar höldur eru til að bera þunga plastpoka og fást á skrifstofu Sjálfsbjargar að Hátúni 12 í Reykjavík. Sjálfsbjörg þakkar Nettó góðan stuðning og óslar fyrir tækinu velferðar.



Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar fyrir miðri mynd. Henni á hægri hönd er Gunnar Egill Sigurðsson forstöðumaður rekstrarsviðs Samkaupa og Guðni Þórisson Verslunarstjóri í Mjódd er vinstra megin við hana.

Fyrstu Sjálfsbjargarfélögin voru stofnuð fyrir fimmtíu árum

Elstu Sjálfsbjargarfélögin eiga 50 ára afmæli á þessu ári. Það voru Siglufirðingar sem riðu á vaðið í júní 1958 og var aðalhvatamaðurinn á bak við stofnun félagsins, Sigursveinn D. Kristinsson, tónskáld sem stóð einnig fyrir stofnun félagsins í Reykjavík í sama mánuði. Hann stofnaði síðar Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar í Reykjavík, sem starfar enn þann dag í dag. Ári síðar var svo Sjálfsbjörg Landssamband fatlaðra stofnað. Í fyrsta tölublaðinu sem Sjálfsbjörg gaf út 1959 skrifar Sigursveinn um stofnun Sjálfsbjargar á Siglufirði:

„Byrjun sólmánaðar. Skollasálin var enn þá alhvít og Skútudalurinn, en klettapeysan hægra megin á Hólshyrninni var svört með hvítum röndum. Suðrið andaði þýðvindum og þegar sólin skein á klettana roðnuðu þeir strax á vangann.

Tveir menn hittust í góðviðrinu á tröppunum við Gránugötu 14, annar handarvana, hinn með bilaða fætur. Þeir ræddu um það, hvort ekki væri hægt að koma á fót samtökum til þess að berjast fyrir réttindum fatlaðs fólks. Næstu daga stækkaði hópurinn. Það var rétt við fleiri, sem höfðu skerta starfsorku vegna fötlunar. Allir voru sammála um nauðsyn samtakanna, og fyrsta félagið var stofnað 9. júní 1958 og hlaut nafnið Sjálfsbjörg – félag fatlaðra á Siglufirði.

Síðar um sumarið risu upp fjögur félög, í Reykjavík, á Ísafirði, á Akureyri og í Árnassýslu.....“

Sjálfsbjörg á Siglufirði

Sjálfsbjörg á Siglufirði var stofnað 9. júní 1958 og er Valey Jónasdóttir kosin formaður. Í skýrslu félagsins kemur fram að lítið hafi verið aðhafst fyrr en með haustinu þegar merkjasalan fór í gang. Í skýrslunni segir að félagsmenn hafi gert sér strax ljóst að starfsemi svona fámenns hóps yrði alltaf dálitlum erfiðleikum bundin, ekki síst fyrir það að margt

starfandi fólk innan samtakanna á erfitt um vik, sökum illfærðar yfir vetrartímann. Erfiðleikarnir hafi þó ekki orðið nærri eins miklir og búist var við vegna hins góða skilnings fólks almennt á málefninu. Spilakvöld voru haldin vikulega þar sem allir Siglufirðingar voru velkomnir. Þá er þess getið að öllum fjárflounarleiðum hafi verið tekið af miklum skilningi og velvild.

5
félög
50
ára

Sjálfsbjörg í Reykjavík

Í þessu fyrsta tölublaði eru skýrslur frá fjórum af þeim fimm félögum sem stofnuð voru 1958. Í skýrslu Sjálfsbjargar í Reykjavík er sagt frá því að Sjálfsbjörg í Reykjavík hafi verið stofnað 27. júní 1958 og allir sem gengið hafi í félagið fyrir áramót eru taldir stofnendur þess og voru þeir um 100 manns. Fyrsti formaður félagsins var Sigursveinn D. Kristinsson og var hann formaður fyrsta árið, en síðan tók Helgi Eggertsson við. Í skýrslunni kemur fram að strax er farið að leggja peninga fyrir í húsbýggingarsjóð og að skemmtifundir hafi verið haldnir fyrst mánaðarlega og síðan hálfsmánaðarleg. Brýnasta verkefnið er eigið húsnæði.

Sjálfsbjörg á Ísafirði

Í skýrslu frá Sjálfsbjörg á Ísafirði segir að félagið hafi verið stofnað 29. september 1958 og að á stofnfundinum gengu í félagið tæplega 40 manns. Sigursveinn D. Kristinsson var mættur á fundinn stofnendum til halds og traust. Formaður var kosinn Trausti Sigurlaugsson. Á stofnfundinum var samþykkt áskorun á Alþingi að hækka örorkustyrki og fella hann ekki niður að fullu fyrr en tekjur örorkulífeyrisþega jafngiltu tekjum verkafólks. Í lok skýrslunnar segir að næsta verkefni félagsins verði að koma á fót einhverskonar léttari vinnu fyrir félagana um leið og viðunnandi húsnæði fæst.

Sjálfsbjörg á Akureyri

Stofnfundur Sjálfsbjargar á Akureyri var haldinn 8. október 1958 og var hann fjölmennur. Eins og í Reykjavík voru allir taldir stofnendur sem gengu í félagið fyrir áramót og voru það um 100 manns, sami fjöldi og í Reykjavík. Formaður var kosinn Emil Andersen. Eins og hjá öðrum félögum var stofnaður húsbýggingarsjóður. Auk merkjasölu var peningum safnað með því að halda kaffisölu, kvikmyndasýningar og dansleik og var góður hagnaður sem fleytti félaginu yfir fyrstu og verstu byrjunarörðugleikana. Vinnukvöld var einu sinni í viku allan veturinn þar sem unnir voru munir úr ýmsu efni svo sem basti, tágum, vír, krossviði og garni.

Sjálfsbjörg í Árnassýslu

Í fyrsta tölublaði Sjálfsbjargar er tekið fram að ekki hafi komið skýrsla frá Sjálfsbjörg í Árnassýslu. Starfsemin var í upphafi nánast bundin við Hveragerði en félagar voru dreifðir um Árnassýslu og var fyrsti formaður félagsins, Valgerður Hauksdóttir. Í 2. tölublaði Sjálfsbjargar segir að erfitt sé um vik með alla starfsemi þar sem félagar eru fáir, aðeins 18 og dreifðir um sýsluna.



Frá stofnfundi Sjálfsbjargar á Akureyri 8. október 1958.

Málagaman



Frá árinu 2006 hefur Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, tekið þátt í Evrópuverkefni á vegum Grundtvik fræðsluskrifstofu Evrópusambandsins, sem heitir „Love language“ og er ætlað ungum karlmönnum sem ekki hafa lært ensku eða vilja bæta sig í henni. Áætlað er að verkefninu ljúki 30. september 2008. Reiknað er með tekjuafgangi af þessu verkefni og að það megi verða til að efla félags- og fræðslustarf Sjálfsbjargar Isf.

Af hverju karlar en ekki kvenfólk? Ástæðan er einföld. Í öllum rannsóknum sem beinast að kynbundnum áhrifum í tungumálanámi fullorðinna er því haldið fram að misræmi sé á milli máltöku karla og kvenna og að yfirleitt stundi hærra hlutfall kvenna tungumálanám og er talað um að þátttakendur í slíkum námskeiðum séu 70% konur og 30% karlar.

Þar að auki er brottfall úr námi miklu algengara meðal karla en kvenna. Greining á ástæðum þess leiðir í ljós að karlmönnum þykja tungumálanámskeið ekki nægilega áhugaverð, jafnvel leiðinleg, og telja þau mikið hugsuð út frá „kvennaviðfangsefnum“. Í þeirra augum er tungumálanám ekki nægilega „svalt“, ekki síst meðal ungra karla, og leiðir sá misskilningur til hindrana sem birtast á nokkrum sviðum: minni þátttöku í þjóðfélaginu, minni aðgangi að upplýsingum og minni möguleikum á evrópskum vinnumarkaði.

Að sögn Kolbrúnar er verið að þýða námsefnið yfir á íslensku

og hefur Love Language fengið íslenska nafnið Málagaman. Hún útskýrði nafnið á þá leið að Love Language sé samheiti fyrir áhuga á tungumálamenntun. Þar er leitast við að fá karlmenn til að læra enskuna, til að mynda í gegnum áhugamál sín og hafa gaman af náminu og því hafi „Málagaman“ þótt upplagt nafn á námskeiðið. Það eru þrettán lönd sem eru samstarfsaðilar um verkefnið og fimm lönd eru framkvæmdaþátttakendur.

„Verkefnið er á lokastigi og er farið að keyra það sem prufuverkefni í Noregi og er hópurinn sem þar tekur þátt í verkefninu á aldrinum 18 til 21 árs. Aðferðirnar sem kennt er eftir hafa verið að þróast á fundum sem haldnir hafa verið og er kennsluáferðin mjög ólík því sem tíðkast hefur á tungumálanámskeiðum. Nemendurnir nálgast kennsluefnið á nýstárlegan hátt og er heildarmarkmið verkefnisins að gera þeim ungu karlmönnum, sem eru sérstaklega ómóttækilegir fyrir námi í erlendum tungumálum, kleift að öðlast „dálæti á tungumálum“ með því að auka áhuga þeirra á erlendum málum og máltöku, sem og þátttöku þeirra fyrir lífstíð í þekkingarsamfélaginu.“

Þegar námsefnið verður tilbúið á íslensku er hægt að nálgast það á netsíðu Sjálfsbjargar, www.sjalfsbjorg.is og tengjast þar netsíðunni www.love-language.org. Kolbrún tekur fram að námskeiðið sé bæði hannað fyrir málaskóla sem geta tekið það upp en ekki síður fyrir einstaklinga sem geta tekið sig saman nokkrir og ráðið til sín kennara til að hafa umsjón með kennslunni.

Hulda Steinsdóttir er einn af stofnendum Sjálfsbjargar á Siglufirði, fyrsta Sjálfsbjargarfélagsins:

Dugnaður stofnfélaga og skilningur og velvild yfirvalda fóru saman

Framtakssemi og áhugi einkenndi stofnfundi fimm Sjálfsbjargarfélaga fyrir fimmtíu árum og er virkileg gaman að lesa í gömlum Sjálfsbjargarblöðum hversu starfsemin var öflug strax á fyrstu árunum. Fimmtíu ár er langur tími fyrir eina manneskju að stússast í félagsstörfum hvað þá þegar fullri líkamsorku er ekki fyrir að fara. Hulda Steinsdóttir hefur ekki látið fötlun sína hindra sig í að vera af fullum krafti í félagsmálum í fimmtíu ár og það var ekki fyrr en á síðasta aðalfundi Sjálfsbjargar í Reykjavík að hún sagði sig úr stjórn og nefndum félagsins, fyrst og fremst til að hleypa ungu fólki að, en ekki vegna þess að áhuginn á félagsstörfum hafi farið þverrandi enda sat hún landsþing Sjálfsbjargar sem haldið var í maí.

Hulda er einn af stofnendum fyrsta Sjálfsbjargarfélagsins sem stofnað var, en það er Sjálfsbjörg á Siglufirði. Bládamáður Klífurs heimsótti Huldu í Árbæinn þar sem hún býr og þáði góðar veitingar hjá henni meðan hún fór yfir liðna tíð. Af nógu er að taka úr lífshlaupi Huldu en við látum okkur nægja félagsstörfun í kringum Sjálfsbjargarfélögin tvö sem hún hefur starfað fyrir, Sjálfsbjörg á Siglufirði og Sjálfsbjörg í Reykjavík.

Sjálfsbjörg á Siglufirði

„Aðdragandann að stofnun Sjálfsbjargar á Siglufirði má rekja til þess að Sigursveinn D. Kristinsson, tónskáld var skólastjóri Tónskólans á Siglufirði og bjó á Siglufirði. Mikill kraftur var í skólastarfinu undir hans stjórn og þegar prófum í skólunum var lokið vorið 1959 kom hann með þá hugmynd að stofna félag fatlaðra. Hann hóaði okkur nokkrum saman sem voru fötluð og ræddi hvort ekki væri að tímabært að stofna samtök fatlaðra og var þá ekki eingöngu að tala um samtök á Siglufirði heldur um allt land og sagðist hann vera viss um að stofnun slíkra félaga yrði bara til góðs.

Ég hafði verið mjög virk í félagsmálum áður en ég fékk lömunarveikina í faraldri



Hulda Steinsdóttir umvafin blómum á 80 ára afmæli hennar í fyrra.

sem gekk yfir landið 1955, þannig að ekki þurfti ég mikla hvatningu. Þegar ég veiktist þá var ég á kafi í starfi Slysavarnarfélagsins á Siglufirði og fleiri félögum, meðal annars var ég í stjórn leikfélagsins og lék í mörgum leikritum á vegum þess, var í kirkjukórnum og ýmsum öðrum samtökum og félögum enda er það mér eðlislægt að taka þátt í félagsstafsemi og þess vegna hellti ég mér að fullum krafti út í félagsmálin fyrir Sjálfsbjörg, að hluta til vegna þess að veikindi mín gerðu það að verkum að ég fór meira og minna út úr öðrum félagsstörfum. Var samt áfram í systrafélagi kirkjunnar, en hætti í kórnum og leiklistinni. Ekki það að mig langaði að starfa áfram í þessum félögum en það var erfitt og tímafrekt þegar maður hefur ekki fulla líkamsorku og á erfitt um vik.

Undirbúningur gekk hratt fyrir sig og 9. júní 1958 var fyrsta Sjálfsbjargarfélagið á Íslandi stofnað. Hvað varðar nafnið þá var það rætt á meðal okkar á þessum fyrsta fundi og mig minnir að Sigursveinn hafi stungið upp á nafninu Sjálfsbjörg og

fundist það vel við hæfi og allir voru honum sammála um nafnið.“

Fáir en öflugir

„Við vorum ekki mörg sem stóðum að stofnun félagsins á Siglufirði en mikill hugur var í okkur og fljótlega skiptum við með okkur verkum. Valey Jónasdóttir var kosin formaður og ég var kosin gjaldkeri og hef allar götur síðan setið í stjórn Sjálfsbjargarfélaga og verið í ótal nefndum. Við sáum fljótt fram á að við þyrftum að afla okkur peninga og eignast samastað og gera okkur sýnileg sem okkur fannst ákaflega aðkallandi. Þetta gerðum við svo sannarlega og urðum fljótt áberandi í bæjarlífinu enda má segja að þegar á heildina er litið vorum við að stíga stórt skref í átt að betri lífsafkomu fyrir fatlaða.

Það leið ekki á löngu þar til við vorum búin að eignast okkar eigið húsnæði við Lækjargötu 2 á Siglufirði, húsnæði sem Sjálfsbjörg á enn þann dag í dag. Starfsemin eflidist en hefði aldrei gengið eins

vel fyrir sig og raunin varð hefði ekki verið mikil velvild og skilningur bæjaryfirvalda. Einnig áttum við ættingja og vini sem reyndust okkur ákaflega vel og tóku þátt í starfinu með okkur.

Hvað varðar félagslíf þá byrjuðum við fljótt að halda vinnufundi og skemmtifundi og voru fundir vel sóttir hjá okkur á þessum upphafsárum. Þá héldum við bingo, vorum með basar og eitt og annað til að vekja athygli á okkur og safna peningum í starfsemina. Það var því mikil vinna í kringum félagið en við sem stóðum í vafstrinu sáum ekki eftir þeim tíma sem við eyddum í félagið.

Pegar Sjálfsbjörg er stofnað þá var ég að vinna á skrifstofunni hjá kaupfélaginu. Var búinn að vinna þar lengi þegar ég fékk lömunarveikina. Þegar ég svo kom heim eftir sjúkrahúsvist hélt ég áfram að starfa hjá kaupfélaginu og kom aldrei neitt annað til greina en að halda áfram að vinna og stjórn kaupfélagsins sá enga ástæðu til annars en að ég héldi mínu starfi.“

Eigið húsnæði og saumastofa

Það er margs að minnst úr starfsemi Sjálfsbjargar á Siglufirði á fyrstu árum félagsins, en sérstaklega er vert að minnst á tvennt sem sýnir þann kraft sem einkenni félagið. Fyrst er það hversu fljót við vorum að koma okkur upp eigin húsnæði sem reynst hefur ákaflega vel og svo var það stofnun saumastofu. Við keyptum vélar til að sauma vinnuvettlinga og sú starfsemi varð til þess að fólk fékk vinnu, fólk sem átti erfitt með að vera á almennum vinnumarkaði kannski og átti kannski ekki kost á vinnu annarsstaðar. Vettlingarnir voru meðal annars seldir í Reykjavík.

Sigursveinn D. Kristinsson, sem var upphafsmaðurinn að stofnun félagsins staldraði ekki lengi við hjá okkur. Hann flutti suður og stofnaði með tímanum sinn eigin tónlistarskóla. Mikill kraftur var í honum í framhaldi af stofnfundi okkar á Siglufirði og held ég að hann hafi verið staddur á stofnfundum allra þeirra fimm félaga sem stofnuð voru 1958. Þau voru öll skírð Sjálfsbjörg þannig að allir sættu sig við nafnið. Síðan var landssambandið, sem stofnað var ári síðar, einnig skýrt Sjálfsbjörg og Sigursveinn var einnig einn helsti hvatamaður að stofnun þess. Í kjölfar stofnunar landssambandsins voru mörg félög stofnuð úti um allt land.”

Flutt til Reykjavíkur

Ég og eiginmaður minn, Hilmar Steinólfsson, sem er látinn, ákváðum síðan að flytjast suður til Reykjavíkur 1983. Ástæðan fyrir því að við létum verða af því að flytja suður tengdist að hluta til vinnu hjá mér. Ég hafði unnið hjá kaupfélaginu þar til það fór á hausinn og starfseminni var lokað. Í kjölfarið réði ég mig til Sjúkrasamlagsins og var forstjóri Sjúkrasamlagsins á Siglufirði í fimmtán



Hulda Steinsdóttir á Landsþingi Sjálfsbjargar í maí ásamt Valgerði Guðjónsdóttur. Valgerður eins og Hulda hefur verið starfandi í Sjálfsbjargarfélögum í fimmtíu ár, en hún var einn af stofnendum félagsins á Ísafirði og er nú í Sjálfsbjörg á Suðurnesjum.

ár. Svo gerist það að sjúkrasamlagið í þeirri mynd sem það var, er lagt niður og Tryggingastofnunin yfirtekur starfsemina og aðlagar það almannatryggingakerfinu. Mér var boðið að flytja mig yfir til Tryggingastofnunarinnar en fannst vera kominn tími breytingar. Það hafði lengi blundað í mér að flytja suður og nú lét ég verða af því við þetta upplagða tækifæri. Lét slag standa og við hjónin fluttum til Reykjavíkur. Þegar við vorum búin að koma okkur fyrir í Reykjavík fór ég fljótlega að taka þátt í störfum Sjálfsbjargar í Reykjavík og einnig starfaði ég með Íþróttafélagi fatlaðra.

Eiginmaður minn hafði verið vöruflutningabílstjóri og keyrði á milli Siglufjarðar og Reykjavíkur og Siglufjarðar og Akureyrar. Hann hætti því þegar við fórum suður og réð sig til ÁTVR þar sem hann lauk sínum starfsaldri. Ég aftur á mót fékk vinnu í Landsbankanum og starfaði í útibúinu við Háaleitisbraut. Þar vann ég í tólf ár eða þar til ég var búin með minn starfsaldur. Það að ég fór að vinna í Háaleitisútibúinu stafaði af því að við byggðum okkur hús í Fossvogi og stutt er í Háaleitið þaðan.

Varðandi félagsmálin þá var ég fljótlega kosin í stjórn Sjálfsbjargar í Reykjavík og gerðist þar ritari og einnig fór ég í allskonar nefndir á vegum Sjálfsbjargar. Ég var í

stjórn og nefndum þar til á síðasta aðalfundi en þá sagði ég mig frá öllum störfum í félaginu. Bæði var að mér fannst sjálfsagt að yngra fólk tæki við og svo fannst mér ég vera búin að skila mínu. Það er mikill áhugi og kraftur í starfi Sjálfsbjargar og verður örugglega gaman að fylgjast með starfinu af hlíðarlínunni. Ég mun síðan sitja áfram landsþingi meðan óskað er eftir minni þátttöku á þingið og er þar í góðum tengslum við samstarfsmenn sem hafa fylgt Sjálfsbjörg í gegnum súrt og sætt.“

Baráttumálin og Sjálfsbjargarheimilið

„Þegar ég lít til baka þá hefur vissulega margt áunnist í baráttumálinum, ekki er hægt að líta fram hjá því, en árangurinn hefði samt átt að vera meiri miðað við hvernig staðan er í dag og hvað lengi við höfum verið að berjast fyrir réttindum okkar í þjóðfélaginu. Stærsta skrefið í starfseminni og það minnstæðasta er byggingin að Hátúni 12, Sjálfsbjargarheimilið, þar sem fylltist allt að fólki um leið

og það var opnað. Fyrsti íbúinn flutti inn nánast sama dag og húsið var tekið í notkun. Mikið verk var unnið við byggingu þess og er húsið í raun eign allra félagsdeildanna þó landssambandið standi í rekstrinum á því.

Sjálfsbjargarheimilið hefur reynst okkur ákaflega vel og mér líst ekkert vel á að selja það til niðurrifs og er ekki búin að sætta mig við það. Hvað á að gera við fólk sem býr í húsinu og þjónustuna sem þar er. Lóðin er að vísu mjög dýrmæt og eftirsóknarvert byggingarsvæði og eru að rísa nýttiskulegar byggingar allt í kringum húsið. Víst er að salan myndi efla Sjálfsbjörg fjárhagslega en að mínu viti réttlætir það ekki söluna. Þetta mál þarf að fara í mjög nána skoðun og farsæl lausn verður að finnast áður en ég sætti mig við söluna. Það er ekki bara ég sem vil halda í húsið okkar, flestir af okkur sem starfað hafa lengi fyrir samtökin vilja halda í húsið og ég ætla rétt að vona að fólk láti skoðanir sínar á sölunni í ljós því þarna er mikið í húfi.

Fyrir utan þetta líst mér mjög vel á starfsemi Sjálfsbjargar í dag. Það eru að koma inn í samtökin ungt og kraftmikið fólk sem lætur á sér bera og kemur málefnum okkar á framfæri og ég bind miklar vonir við ungu kynslóðina og treysti henni til að taka við starfseminni.“

– Takk fyrir veittan stuðning –

SELTJARNARNES

Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2
Tannlæknast. Ragnars Ó Steinarssonar ehf, Eiðistorgi 15
Önn ehf, verkfræðistofa, Eiðistorgi 15

KÓPAVOGUR

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
Ártak ehf bílaleiga, Smiðjuvegi 1
Baltik ehf, Smiðjuvegi 14
Barki ehf, Nýbýlavegi 22
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf, Skemmuvegi 34
Blikkás - Funi ehf, Smiðjuvegi 74
Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6a
Bókun sf endurskoðun, Hamraborg 2
dk hugbúnaður ehf, Hlíðasmára 17
Eignarhaldsfélag Brunabótafélag Íslands, Hlíðasmára 8
Einar Beinteins ehf - Dúklagningameistari, Grófarsmára 8
ES rafverktakar ehf, Litlahjalla 1
EPM ehf, Víðihvammi 9
Félagsþjónusta Kópavogs, Fannborg 4
Fjölvirki ehf, Digranesvegi 32
Glerskálinn ehf, Smiðjuvegi 42
Goddi ehf, Auðbrekku 19
Gott kompaní Alu á Íslandi, Hlíðarsmára 11
Gæðaflutningar ehf, Krossalind 19
Hegas ehf, Smiðjuvegi 1
Hellur og garðar ehf, Kjarrhólma 34
Hexa ehf, Smiðjuvegi 10
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktak, Daltúni 1
Hvellur - G. Tómasson ehf, Smiðjuvegi 30
Iðnprent ehf, Akralind 7
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Íspan ehf, gler og speglar, Smiðjuvegi 7
Járnsmiðja Óðins ehf, Smiðjuvegi 4b
JB byggingarfélag ehf, Hlíðarsmára 6
K.J. hönnun ehf, Bæjarlind 14-16
KB Ráðgjöf, Hlíðasmára 17
Kópavogsbær, Fannborg 2
Kópavogskirkja
Kríunes ehf, Kríunesi við Vatnsenda
Litlaprent ehf, Skemmuvegi 4
Línan ehf, Bæjarlind 6
Logey ehf, Vesturvör 7
Lögmannsstofa SS ehf, Hamraborg 10
Marás ehf, Akralind 2
Markholt ehf, Hásölum 13
Nýmót ehf, Lómasölum 1
Rafvörur ehf, Dalvegi 16c
Reynir bakari, Dalvegi 4
Skipasalan ehf, Bæjarlind 14-16
Slökkvitækjaþjónustan ehf, Bakkabraut 16
Smurstöðin Stórahjalla ehf, Stórahjalla 2
Sól Gallerí, Grænátúni 1, s:5543799
SR múr ehf, Laufbrekku 19
Strókur ehf, Dimmuhvarfi 27
Söluturninn Smári, Dalsvegi 16c
Tiskuverunin Ríta ehf, Bæjarlind 6 og Eddufelli 2
Tónlistarskóli Kópavogs, Hamraborg 6
Vatnsvirkjar ehf, almenn pípuþögn og þjónusta, Háulind 26
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar, Nýbýlavegi 32
Verkfræðistofan Hamraborg sf, Hamraborg 10
Vidd ehf, flisaverslun, Bæjarlind 4
Þöll, trésmiðja ehf, Auðbrekku 14

GARÐABÆR

Árvík hf, Garðatorgi 3
Bygging ehf, Lyngási 14
Endurskoðun og ráðgjöf ehf, Garðatorgi 7
Fagval ehf, Smiðsbúð 4
G.M. Byggir ehf, Krókamýri 58
Garðabær, Garðatorgi 7
Garðasókn, Kirkjuhvoli
Geislatækni ehf Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c
H.Filipsson sf, Miðhrauni 22
Hafnasandur sf, Birkiási 36
Héðinn Schindler lyftur hf, Lyngási 8
Húsgögn ehf smiðstofa og viðgerðir, Gilsbúð 3
Loftorka Reykjavík hf, verktaki, Miðhrauni 10
Nylonhúðun ehf, Lyngási 8
Sportís ehf, Austurhrauni 3
Teknis ehf, Miðhrauni 8
Tónlistarskóli Garðabæjar, Kirkjulundi 11
Tækni-Stál ehf, Suðurhrauni 2
Verkhönnun - Tæknisalan ehf, Kirkjulundi 10

HAFNARFJÖRÐUR

Armar ehf vinnulyftur, Flatahrauni 25
Ásklif ehf, Eskivellir 7
Batterið ehf, Trönuhrauni 1
Betri stofan ehf, Fálkakrauni 9
Bílaverk ehf, Kaplahrauni 10
Blátún ehf, Grandatröð 4
Blikksmiði ehf, Melabraut 28
Byggingafélagið Sandfell ehf, Reykjavíkurvegi 66
Eirikur og Einar Valur hf, Breiðvangi 4
Feðgar ehf, Brekkutröð 1
Ferskvinnslan ehf, Kaplahrauni 18
Fínþússning ehf, Rauðhelli 13
Fjarðarmót ehf, Bæjarhrauni 8
Fókus-vel að merkja ehf, Vallarbyggð 8
Gafflar ehf Rafverktakar, Lönsbraut 2
Geymslusvæði ehf, Hraungörðum
Hafnarfjarðarkirkja, Strandgötu
Heiðar Jónsson, járnsmiði, Skútahrauni 9
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhelli 1
Hrafniustuheimilin
Hvalur hf Hafnarfirði
Höfn öldrunarmiðstöð, Sólvangsvegi 1
Íslensk Orkuvirkjun ehf, Trönuhrauni 7b
Ísmenn ehf, pípuþögn, Flatahrauni 5b
Kerfi ehf, Flatahrauni 5b
Lerkiverktakar ehf, Skúlaskeiði 26
Nýsir hf, Reykjavíkurvegi 74
Rafholt ehf, Blómvöllum 6
Rafúr ehf, Gjótuhrauni 8
Sjúkraþjálfarinn ehf, Strandgötu 5
Snittvél ehf, Brekkutröð 3
Stálskip ehf, Trönuhrauni 6
Stepustál ehf, Dranghrauni 4
Sýningaljos sf, Klettagötu 12
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf, Reykjavíkurvegi 60
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar, Strandgötu 32
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Verkþjónusta Kristjáns ehf, Reykjavíkurvegi 68
Vélaverkstæði Jóhanns Ólafssonar ehf, Reykjavíkurvegi 70
www.gardyrkjan.is, Helluhrauni 4

BESSASTADAHREPPUR

Garðasteinn ehf, Blikastíg 10
Járnbrá ehf, Blikastíg 6

REYKJANESBÆR

ÁÁ verktakar ehf, Starmóa 13
Ásmundur Sigurðsson, vélsmiðja, Grænás 2
B & B Guesthouse, Hringbraut 92
Ellert Skúlason hf, Fitjabraut 2
Fasteignasalan Ásberg ehf, Hafnargötu 27
Fitjavík ehf, Fitjum
Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36
Hjalti Guðmundsson ehf, lðavöllum 1
Hlévangur, dvalarheimili Keflavíkur, Faxabraut 13
Ístek ehf, Hólagötu 31
Keflavíkarkirkja, Kirkjuvegi 25
Nesraf ehf, Gröfin 18a
Persóna fataverslun, Hafnargötu 29
Rafiðn ehf, Víkurbraut 1
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, lðavöllum 12
SG bílar ehf, Bolafæti 1
Sjúkraþjálfun Suðurnesja, Hafnargötu 15
Slakki ehf, Stekkjargötu 51
Smurstöð og hjólarþjónusta Björns og Þórðar, Vatnsnesvegi 16
Sorpeyðingastöð Suðurnesja, Fitjum
Tannlæknastofa Einars Magnússonar, Skólavegi 10
Varmamót ehf, Framnesvegi 19
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Hafnargötu 80
Verkfræðistofa Suðurnesja hf, Víkurbraut 13
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14
Vökvatengi ehf, Fitjabraut 2
www.ork.is, Frístudar og heilsárshús

GRINDAVÍK

Veidafæraþjónustan ehf, Ægisgötu 3
Eldhamar ehf, Suðurhópur 10
Guðmundur L Pálsson, tannlæknir, Víkurbraut 62
Gunnar Vilbergsson, Víkurbraut 46
Martak ehf, Hafnargötu 21
Selhálshélf, Ásabraut 12
Vísir hf, Hafnargötu 16
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

SANDGERÐI

Sandgerðisbær, Miðnestorgi 3
Verk- og tölvuþjónustan ehf, Holtsgötu 24

GARÐUR

Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4

MOSFELLSBÆR

Byggingarfélagið Baula ehf, Arkarholti 19
Garðyrkjustöðin Gróandi, Grásteinum
Glertækni ehf, Völuteigi 21
Gluggar & Klæðning ehf, Völuteigur 21
Halldór og Hinrik sf, Hamarsteigi 6
Ingimundur Magnússon ehf, Breiðafit
Ísfugl ehf, Reykjavægi 36
Mosskógur ehf, Dalgerði 1
Reykjalundur - Endurhæfing, Reykjalundi
Skálatúnsheimilið
Stangir ehf, Flugumýri 32
Varmárskóli

Jóhanna Sigurðardóttir,
félags- og tryggingamálaráðherra ávarpaði
Landsþing Sjálfsbjargar:

Margt brennur mér á hjarta í málefnum fatlaðra

„Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ég fæ tækifæri til að ávarpa þing Sjálfsbjargar sem ráðherra, áður sem félagsmálaráðherra, nú sem félags- og tryggingamálaráðherra,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir í upphafi máls síns þegar hún ávarpaði landsþingsfulltrúa. Hún sagði síðan að margt brynni henni á hjarta í málefnum fatlaðra og að fatlaðir hafi svo sannarlega þurft að berjast fyrir réttindinum sínum í gegnum tíðina, mátt berjast gegn fordómum og fyrir sjálf-sögðum mannréttindum og sem betur fer hafi þessi barátta skilað miklu á liðnum árum og áratugum. Eftir að hafa rætt nýjan samning Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sagði ráðherra:

„Nú er á lokastigi gerð skýrslu með framkvæmdaáætlun um aðgang fatlaðra að samfélaginu, unnin í samvinnu sjö ráðuneyta og fulltrúa hagsmunasamtaka fatlaðra undir forystu félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Þar er tekið á öllum áherslum samnings Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og leiðum til að hrinda þeim í framkvæmd. Ég vonast til að geta kynnt þessa áætlun áður en langt um líður.“

Af mörgum mikilvægum atriðum alþjóðasamningsins nefni ég sérstaklega skyldu ríkja til að breyta lögum og koma í veg fyrir hvers kyns venju eða framkvæmd er orsakar mismunun fatlaðra gagnvart öðrum hópum. Þetta tel ég nauðsynlegt að skoða sérstaklega og velti þar ekki síst fyrir mér sérlögum um málefni fatlaðra og réttmæti þeirra. Er mögulegt að með þeim leggjum við grundvöll að aðskilnaðarstefnu og mismunun og stöndum í vegi fyrir þátttöku fatlaðra í samfélaginu til jafns við aðra?

Markmið laganna eru skýr, það er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg

lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Vel má vera að enn sé þörf fyrir sérlög til að vinna að þessum markmiðum og verði eitthvað áfram. Ég vonast þó til að í framtíðinni verði fötluðum sem öðrum tryggður þessi réttur jafnt í orði og verki með almennum lögum. Framtíðarsýn mín er sú að réttindi og þjónusta verði tryggð fólki í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir en ekki á grundvelli tiltekinna flokkunar og sérstakra laga um ákveðna hópa. Trúlega höfum við enn ekki náð svo langt að þetta sé mögulegt en að því hljótum við að stefna.

Ef við tölum um veruleikann sem við búum við í dag og sérstaka löggjöf um málefni fatlaðra þá verður hið minnsta að tryggja að lögín séu mótuð að þörfum fatlaðra en ekki að fatlaðir þurfi að laga sig að ramma laganna. Sérlögín mega heldur ekki verða til þess að hagsmunir fatlaðra séu fyrir borð bornir eða gleymist við almenna lagasetningu.“

Jóhanna minntist síðan á starfsemi Sjálfsbjargar: „Fyrir þennan fund í dag las ég skýrslu Sjálfsbjargar fyrir starfstímabilið 2006–2008 og skoðaði einnig helstu stefnumál sem birt eru á heimasíðu landssambandsins. Ég verð að lýsa aðdáun minni á því hvað starfsemi er kraftmikil og vel skipulögð og hvað Sjálfsbjörg hefur skýra og mótaða sýn í einstökum málaflökkum. Það sýnir sig líka að landssambandið fylgist vel með þróun málefna fatlaðra í öðrum löndum og ekki skal undir höfuð leggjast að nefna stofnun félags um fötlunarrannsóknir sem er stórmerkilegur vettvangur fyrir faglega umræðu og leið til að miðla upplýsingum og innleiða nýjungar.“

Öll sú vinna sem fram fer á vegum Sjálfsbjargar er ómetanleg, ekki aðeins

fyrir fatlaða sjálfa heldur líka fyrir stjórnvöld og þá sem starfa að málaflökknum. Það eru ávallt notendur þjónustu sem þekkja hana best og vita gerst um eigin þarfir. Ég vil hlusta á sjónarmið notenda og vinna með þeim og þá skiptir miklu að áherslur þeirra séu settar fram á skýran máta. Það finnst mér svo sannarlega eiga við hér.“




Jóhanna fór síðan ofan í nokkur einstök mál sem eru á vegum ráðuneytis hennar, m.a. lífeyrishluti almannatrygginga og bifreiðamál hreyfihamlaðra þar sem hún sagði að þegar þau mál verða komin að fullu til hennar er hún staðráðin í að endurskoða reglugerð um bifreiðamál hreyfihamlaðra og gera það í fullu samráði við Sjálfsbjörg og Öryrkjabandalag Íslands. Jóhanna fór að lokum í hugmynd sem ráðuneyti hennar er að vinna að um nýja stofnun velferðar- og vinnumála þar sem sameinaðar væru Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun.

„Ég hef þegar sett á laggirnar vinnuhóp sem hefur það verkefni að kanna möguleika á uppbyggingu nýrrar velferðarstofnunar þar sem horft verður til framtíðar og meðal annars litið til þess sem best hefur verið gert í öðrum löndum á þessu sviði eins og til dæmis í Noregi.“

Ég vil að undirbúningur að uppbyggingu slíkrar nýrrar og öflugrar velferðarstofnunar verði unninn samhliða þeirri vinnu sem þegar er á fullri ferð í verkefnisstjórn sem vinnur að einföldun almannatryggingakerfisins. Þetta er í grundvallaratriðum framtíðarsýn mín við endurreisn almanna-tryggingakerfisins.

Ég óska ykkur góðs þings og ég óska eftir góðu samstarfi við ykkur að þeim fjölmörgu málum sem framundan eru við endurbætur og frekari uppbyggingu á íslenska velferðarkerfinu.“

– Takk fyrir veittan stuðning –



Sjálfsbjörg í Bolungarvík gefur tæki til sjúkraþjálfunar

Sjálfsbjörg, félag fatlaðra í Bolungarvík hefur afhent Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur tæki sem félagið keypti nýverið. Að þessu sinni gaf Sjálfsbjörg, Sjúkraþjálfuninni, þrekhlól og cross trainer (fjölpjálfi) og Heilsugæslan fékk ljósalampa fyrir húðsjúkdóma.

Öll tæki til sjúkraþjálfunar sem notuð eru í Bolungarvík til endurhæfingar sjúkra einstaklinga eru gefin fyrir fé sem Sjálfsbjörg hefur safnað með fjáröflunum undanfarin ár. Jólalabingó Sjálfsbjargar hefur verið ein helsta tekjulind félagsins um árabil en einnig leggjast félagar í Sjálfsbjörg í pönnukökubakstur á þorranum og bjóða bæjarbúum til kaups og fagna í leiðinni sólarkomu.

Það var Pröstur Óskarsson framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur sem tók við þessari höfðinglegu gjöf og þakkaði félögum í Sjálfsbjörg fyrir tækin og færði félaginu þakkarskjal frá stofnuninni. Hulda Karlsdóttir hjúkrunarforstjóri sagði einnig nokkur vel valin orð og Fanney Pálsdóttir sjúkraþjálfari var ánægð með þessa viðbót í safn tækja í Sjúkraþjálfunina. Frá því að tækin komu í hús hafa þau verið í stöðugri notkun. Eldri borgarar notfæra sér aðstöðu í sjúkraþjálfun Bolungarvíkur og ekki er að sjá mikinn stirðleika á þeim sem sjálfsagt er að einhverju

leyti að þakka þeim tækjum sem Sjálfsbjörg hefur gefið gegnum árin.

Andvirði tækjanna sem Sjálfsbjörg gaf að þessu sinni eru um hálf milljón króna og það voru kampakátar konur úr stjórn Sjálfsbjörg, þær Anna Torfadóttir formaður, Margrét Ólafsdóttir og Birna Pálsdóttir, sem afhentu tækin.



Stjórn Sjálfsbjargar í Bolungarvík ásamt Þresti Óskarssyni, Huldu Karlsdóttur og Fanneyju Pálsdóttur.

Aðgengi fatlaðra að háskólamenntun

Steinunn Þóra Árnadóttir, Ögmundur Jónasson og Kolbrún Halldórsdóttir hafa flutt tillögu á Alþingi þar sem því er beint til menntamálaráðherra og stjórnenda íslenskra háskóla að ráðist verði í áttak til að bæta aðgengi fatlaðra nemenda að háskólum með það að markmiði að fleiri fatlaðir nemendur hefji og ljúki háskólanámi.

Í greinargerð segir: „Nemendum á háskólastigi hefur fjölgað mjög hratt undanfarin ár. Rannsóknir sýna hins vegar að fatlaðir háskólastúdentar eru hlutfallslega mjög fáir miðað við heildarfjölda fatlaðra í samfélaginu. Því er ljóst að þeir skila sér ekki í gegnum menntakerfið og inn í háskóla í sama mæli og ófatlaðir nemendur. Úr því er nauðsynlegt að bæta. Erlendar rannsóknir benda til þess að ein meginástæðan fyrir því sé sú að aðgengi að menntakerfinu hafi ekki verið það sama fyrir fatlaða og ófatlaða nemendur. Bent hefur verið á að menntun fatlaðra nemenda hafi verið lakari en gengur og gerist í hinu almenna skólakerfi og þeir hafi því ekki fengið þann undirbúning sem nauðsynlegur er fyrir háskólanám. Enn fremur hafa rannsóknir sýnt að fötludum nemendum í háskólum erlendis fjölgaði ekki að marki fyrr en sett hafði verið sérstök löggjöf til að tryggja jafnrétti þeirra til náms, ásamt því að fjármagni var varið til þess að tryggja aðgengi þeirra að háskólum. Í þeim löndum,

þar sem sett hefur verið sérstök löggjöf gegn mismunum er aðgengið og þjónustan best og fjöldi fatlaðra háskólanema mestur. Í kjölfar slíkrar löggjafar hafa háskólar markað sér stefnu í málefnum fatlaðra og byggt upp þjónustu við þá. Því má ljóst vera að stefna stjórnvalda í menntamálum fatlaðra skiptir gríðarlegu máli.

Undanfarin ár hefur sú jákvæða þróun átt sér stað að nemendum með dyslexíu, langvinn veikindi eða sálræn vandkvæði hefur fjölgað umtalsvert við Háskóla Íslands. Fjöldi hreyfihamlaðra, sjónskertra og heyrnarkertra nemenda hefur hins vegar nokkurn veginn staðið í stað. Til að tryggja fötludum jafnan rétt til háskólanáms á við ófatlaða þarf að gera áttak til að bæta aðgengi að háskólabyggingum, svo og aðgengi að upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er fyrir fatlaða nemendur með það að markmiði að fleiri fatlaðir nemendur hefji og ljúki námi á háskólastigi.“

Skýrsla framkvæmdastjórnar og skrifstofu

Í viðamikilli og innihaldsríkri skýrslu framkvæmdastjórnar og skrifstofu Sjálfsbjargar er komið víða við og öll helstu mál samtakanna á síðasta starfstímabili rifjuð upp, auk þess sem hugmyndir eru viðraðar varðandi framtíðina: Skýrslunni er skipt í tvo kafla. Í fyrri kafla skýrslunnar er greint frá helstu þáttum í starfsemi framkvæmdastjórnar og skrifstofu sl. tvö ár og gerð er grein fyrir hagsmuna- og baráttumálum, starfsemi, rekstri, framkvæmdum í Sjálfsbjargarhúsinu o.fl. Í seinni kafla skýrslunnar eru skýrslur frá stjórnun og nefndum sem kosnar voru á síðasta þingi Sjálfsbjargar lsf. Hér verður nú stiklað á helstu málum sem varða félags- og baráttumálin og er að finna í fyrri hluta skýrslunnar.

Breytingar á fyrirkomulagi örorkumats

Miklar umræður innan ÖBÍ og nefndavinna á vegum forsætisráðuneytis með aðilum fór fram um hugmyndir og tillögur um breytt örorkumat í tengslum við aukna starfsendurhæfingu og atvinnumál. Einnig var málið kynnt og rætt m.a. á sameiginlegum fundi nefnda og stjórna landssambandsins. Ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar kom með yfirlýsingu þann 15. nóvember 2005 í tengslum við áframhaldandi gildi kjarasamninga, sem þá voru nýgerðir á almennum vinnu- markaði. Í þessari yfirlýsingu má rekja upphaf þess að endurskoðun örorkumats hófst, en lífeyrissjóðirnir höfðu árin á undan verið að banka á dyrnar hjá ríkisvaldinu með þetta erindi, ásamt ASÍ og SA. M.a. höfðu lífeyrissjóðirnir verið með í gangi nefnda-, skýrslu- og tillöguvinnu um örorkumál í sínum ranni. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a. um verkefni nefndar, sem skipa skyldi í framhaldi af yfirlýsingunni: „Verkefni nefndarinnar verði meðal annars að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu

annars vegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar þar sem fyrst og fremst verði horft til vangetu einstaklinga til að afla sér tekna.“ Þessi yfirlýsing ríkisstjórnar var gerð í samráði við ASÍ og SA, en samtök fatlaðra komu þar ekki að. Ennfremur var í upphafi ekki gert ráð fyrir fulltrúa ÖBÍ í örorkumatsnefndinni, sem svo var kölluð. Hann kom inn eftir fjölmiðlaumfjöllun og

að kröfu ÖBÍ. Ragnar Gunnar Þórhallsson var skipaður í nefndina af hálfu ÖBÍ, en hún lauk störfum með skýrslu 5. mars 2007. Reyndi fulltrúi ÖBÍ að koma inn í nefndina breiðari umfjöllun um stöðu fatlaðra í samfélaginu, mikilvægi stoðþjónustu í víðum skilningi og að horfa á hana og framfærslulífeyri sem tvo aðskilda þætti, og tekjutengingar í því sambandi.



Framkvæmdastjórn Sjálfsbjargar lsf, sem kosin var á þingi samtakanna. Efri röð frá vinstri: Andri Valgeirsson varaformaður, Ragnar Gunnar Þórhallsson formaður, og Þórir Steingrímsson gjaldkeri. Neðri röð frá vinstri: Jón Heiðar Jónsson meðstjórnandi og Anna Anna Guðrún Sigurðardóttir ritari. Varamenn í stjórn voru kosin Anna Torfadóttir, Leifur Leifsson og Jón Eiríksson.

Síðan þá hafa ýmsar breytingar á almannatryggingalögunum tekið gildi og lífeyrstryggingar Tryggingastofnunar ríkisins verið fluttar til félagsmálaráðuneytisins, sem nú heitir félags- og tryggingamálaráðuneyti. Töluverðar breytingar hafa verið gerðar á lífeyristryggingunum einkum, sem flestar eru mikið framfaraspor.

Í stefnuýfirlýsingu sitjandi ríkisstjórnar segir í kaflanum „Bættur hagur aldraðra og öryrkja“ m.a.: „Fylgt verði eftir tillögum örorkumatsnefndar um stórauðna starfsendurhæfingu og nýtt matskerfi varðandi örorku og starfsgetu. Jafnframt verði komið til móts við þann hóp sem er með varanlega skerta starfsgetu.“

Nýjustu fréttir herma að stjórnvöld líti nú til Noregs sem fyrirmynd að breytingum, en Norðmenn hafa á undanförunum árum verið að gera miklar breytingar hjá sér og hafa meðal annars sameinað stofnun almennatrygginga og vinnumála í eina stofnun, NAV, sem á íslensku myndi nefnast Vinnu- og velferðarstofnunin. Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur boðað frekari breytingar á almennatryggingum næstu misseri.

Í næsta kafla í skýrslunni er ítarlega gert grein fyrir fötlunarfræðinni, sem hugmyndafræði um stöðu og baráttu fatlaðra í samfélaginu en lögð er áhersla á að kynna fötlunarfræðina sem fræðigrein og sagt frá stofnun Félags um fötlunarrannsóknir. Ekki er farið nánar út í þann kafla hér en bent á að allar upplýsingar um fötlunarfræðina og FuF má finna á <http://www.fotlunarfraedi.hi.is>.

Stoðþjónusta við hreyfihamlaða

Umræða um stoðþjónustu, í víðri merkingu, við hreyfihamlaða hefur verið mikil á starfstímabilinu. Með stoðþjónustu er átt við hverskonar þjónustu sem gerir hreyfihömluðum kleift að vera sjálfbjarga og sjálfráða í daglegu lífi á grundvelli jafnréttis, jafnræðis, virðingar og jafnra tækifæra. Í dag er þjónustan bæði ófullnægjandi, fáir valkostir, of stofnanakennd og ósamhæfð; veitt bæði af ríki og sveitarfélögum. Að stoðþjónustunni í dag koma félagsþjónustur sveitarfélaga, t.d. með heimþjónustu, liðveislu og félagsráðgjöf, og einnig ríkisvaldið í gegnum svæðisskrifstofur (t.d. frekari liðveisla) og heilsugæsla (heimahjúkrun).

Félagsmálaráðuneytið hefur skipað nefnd sem koma á með tillögur um flutning málefna fatlaðra eins og það heitir frá ríki til sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að fylgjast með framvindu þessara mála.

Bæði þarf að tryggja að fötluðum sé ekki mismunað eftir því hvar þeir búa og eftir tegund búsetuúrræða og fötlunar. Fjölga þarf valkostum í stoðþjónustu; hvernig þjónustan er veitt og er notendastýrð þjónusta þar nýjung, sem innleiða þarf á Íslandi en það er form á stoðþjónustu er hefur verið við lýði m.a. á Norðurlöndum í mörg ár. Í Noregi og Danmörku er ný og endurbætt löggjöf að líta dagsins ljós á þessu ári varðandi notendastýrða þjónustu (BPA, Brukerstyrkt Personlig Assistanse), en Svíar eru lengst komnir og með mesta reynslu.

Bifreiðamál hreyfihamlaðra

Farartækjanefnd lands sambandsins, formaður þess o.fl. hafa lagt í mikla vinnu á starfstímabilinu í því skyni að fá stjórnvöld til að gera lagfæringar á gildandi lögum og einkum reglugerð um bifreiðakaupastyrki. Fundað var með forsætisráðherra og tillögur sendar, rætt við embættismenn og þingmenn o.fl. Það verður að segjast eins og er að mjög erfiðlega hefur gengið að fá stjórnvöld og heilbrigðisráðuneytið til að vinna að framgangi og lausn þessara mála. Breytingar á reglugerðinni eru orðnar mjög knýjandi þar sem fyrirgreiðslan varðandi bifreiðakaup og rekstur bifreiða hreyfihamlaðra hefur rýrnað mjög mikið. Upphæðir uppóta og styrkja vegna bifreiðakaupa hafa ekki hækkað í 9 ár, auk þess sem tími milli styrkveitinga hefur verið lengdur úr 4 til 5 árum í 5 til 6 ár. Styrkir þyrftu að hækka um 70-90%, jafnvel meira. Þá eru ýmsar hindranir í styrkveitingum sem nauðsynlegt er að ryðja úr vegi. T.d. er það skilyrði að einstaklingur verður bæði að keyra sjálfur og vera í vinnu eða skóla til að eiga rétt á „hjólastólabifreið“ og hefur þetta leitt til ósanngjarnra synjana á umsóknum um styrki. Einnig eru hindranir í því að einstaklingur sem á rétt á hjólastólabifreið geti keypt slíka bifreið af öðrum sem átt hefur slíka bifreið, án þess að taka allan sérbúnað úr bílnum og setja hann í aftur. Þá gerir hjálpartækjalisti Hjálpartækjamidstöðvar Tryggingastofnunar ríkisins ekki ráð fyrir ýmsum lausnum, hjálpartækjum í bifreiðar, sem til eru og gætu verið hagkvæmari og betri lausnir þegar upp er staðið fyrir t.d. hjólastólanotendur og aðra hreyfihamlaða.

Tillögur sem Sjálfsbjörg Isf og farartækjanefnd hafa sent frá sér snúa m.a. að hækkun upphæða, endurbætur varðandi hjólastólabifreiðar, hugmyndir um að lækkan eða niðurfelling vörugjalds af

ökutækjum við innflutning nái til fleiri bifreiða en hjólastólabifreiða, hækkun bensínstyrks o.fl. Jafnframt eru uppi hugmyndir hjá stjórnvöldum um að bifreiðamál fatlaðra flytjist frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Hvað sem úr verður þá lítur Sjálfsbjörg Isf svo á að bifreiðar séu hjálpartæki hreyfihamlaðra og ekki skuli tekjutengja þá fyrirgreiðslu sem í bifreiðakaupastyrkunum fellst.

Frumvörp til laga um mannvirki og til nýrra skipulagslaga

Á Alþingi voru í febrúar 2008 lögð fram af umhverfisráðuneytinu tvö ný lagafrumvörp ríkisstjórnar, sem koma munu í stað eldri byggingalaga. Um er að ræða frumvarp til laga um mannvirki (hverskonar byggingar og mannvirki) og frumvarp til skipulagslaga. Hér er um afar mikilvæg og afdrífari lagafrumvörp að ræða, ef og þegar þau verða að lögum, en ólíklegt er að það verði á Alþingi veturinn 2007/2008. Guðmundur Magnússon, Sjálfsbjargarfélagi, hefur komið að undirhópavinnu fyrir hönd ÖBÍ meðan frumvörpin voru í smíðum hjá ráðuneytinu. Það eru fá mál jafn mikilvæg af baráttumálum Sjálfsbjargar og aðgengismálin, aðgengi fyrir alla, og að afnema þá mismunun á grundvelli fötlunar sem í því felst að allar byggingar, þ.e. íbúðar- og atvinnuhúsnæði, skólar o.s.frv. eru ekki aðgengilegar öllum. Því miður hefur ekki verið unnt að sinna greiningu og ábendingum frá Sjálfsbjörg Isf á fullnægjandi hátt varðandi umrædd frumvörp, en brýnt er að bæta úr því hjá landsambandinu næstu misseri. Þess má geta að í Noregi eru að taka gildi lög sem banna að fötluðum sé mismunað með skorti á aðgengi allra.

Norðurlandasamtök hreyfihamlaðra

Stjórnarfundir NHF, Nordisk Handikap Forbund, sem Sjálfsbjörg Isf á aðild að eru tveir á ári og ennfremur hafa málþing verið haldin í tengslum við stjórnarfundir. Í september 2006 í Oslo var umfjöllunarefnið: „Hjálp til að lifa eða hjálp til að deyja“ og var um mjög vandada og fræðilega umfjöllun að ræða, en slík umræða hefur í litlum mæli farið fram á Íslandi. NHF hefur tekið mjög tortryggna og varkára afstöðu til þess að leyfa að fólki sé hjálpað til að deyja og sendi frá sér ályktun til Norrænnar nefndar sem m.a.

– Takk fyrir veittan stuðning –

AKRANES

Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar, Dalbraut 6
Bilver, bílaverkstæði ehf, Innnesvegi 1
Brautin ehf, Dalbraut 16
Bygðasafnið að Görðum, Görðum
Runólfur Hallfreðsson ehf, Krókatúni 9
Sjóngerlið ehf, Skólabraut 25
Sjúkraþjálfun Georgs Janussonar, Kirkjubraut 28
Smurstöð Akraness sf, Smiðjuvöllum 2
Straumnes ehf, rafverktakar, Krókatúni 22-24
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf, Smiðjuvöllum 10
Vignir G. Jónsson hf, Smiðjuvöllum 4

BORGARNES

Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf, Böðvarsgötu 11
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hofstaðir
Félagsbúið Mófellsstöðum sf, Mófellsstöðum
Gæðakokkar ehf, Sólbakka 11
Sæmundur Sigmundsson ehf, Brákarey
Verkalýðsfélag Vesturlands, Sæunnargötu 2a
Vélaverkstæði Kristjáns ehf, Brákarbraut 20

STYKKISHÓLMUR

Heimahornið ehf, Borgarbraut 1
Málflutningsstofa Snæfellsness ehf, Aðalgötu 2
Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild, Sundabakka 1
Sæfell ehf, Hafnargötu 9
Verkalýðsfélag Stykkishólms, Þvergötu 2
Þ.B.Borg ehf, Silfurögötu 36

GRUNDARFJÖRÐUR

Berg - vélsmiðja ehf, Ártúni 4

ÓLAFSVÍK

Ferskur ehf, Ennisbraut 10
Steinnun ehf, Bankastræti 3

HELLISSANDUR

Hjallasandur ehf, Helluhóli 3
KG Fiskverkun ehf, Melnesi 1
Nónvarða ehf, Bárðarási 6
Porgeir Árnason ehf, Háarífi 27

REYKHÓLAHREPPUR

Reykhólahreppur, Maríutróð 5a

ÍSAFJÖRÐUR

Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1
Djúp-Ís ehf, Sindragötu 6
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12
GG málningarþjónusta ehf, Aðalstræti 26
Kjölur ehf, Urðarvegi 37
Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum hf, Aðalstræti 24
Stúdió Dan ehf, Hafnarstræti 20
Tréver sf, Hafraholti 34

BOLUNGARVÍK

Brún ehf, Móholti 6
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf,
Hafnargötu 12
Fjalla Eyvindur ehf, Móholti 8
Jakob Valgeir ehf, Grundarstíg 5
Málningarlaggerinn sf, Heiðarbrún 1
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf, Hafnargötu 17
Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14

SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

FLATEYRI

Skógræktarfélag Önundarfjarðar, Hjallavegi 3

SUÐUREYRI

Fiskvinnslan Íslandssaga hf, Freyjugötu 2

PATREKSFJÖRÐUR

Flakkarinn ehf, Brjánslæk

TÁLKNAFJÖRÐUR

Eik hf, trésmiðja, Strandgötu 37

STAÐUR

Allinn, veitingahús, Gránufélagsgötu 10
Bæjarhreppur, Hlaðhamar

KJÖRVOGUR

Hótel Djúpvík ehf, Árneshreppi

HVAMMSTANGI

Steypastöðin Hvammstanga ehf, Norðurbraut 32
Stýrihópur um forvarnir Húnaþing vestra,
Hvammstangabraut 5
Villi Valli ehf, Hvammstangabraut 33

BLÖNDUÓS

Búnaðarþing Húnaþings og Stranda, Húnabraut 13
Samstaða, skrifstofa verkalýðsfélaga, Þverholti 1

SKAGASTRÖND

Kvenfélagið Hekla
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf, Strandgötu 32
Skagabyggð, Örylgsstöðum II
Sveitarfélagið Skagaströnd, Túnbraut 1-3
Vélaverkstæði Skagastrandar, Strandgötu 30

SAUÐÁRKRÓKUR

Alblástur ehf, Víðimýri 8
Bókhaldsþjónusta KOM ehf, Víðihlíð 10
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Skagafjarðarveitur ehf, Borgarteigi 15
Sveitarfélagið Skagafjörður, Faxatorgi 1
Verkfræðistofan Stoð ehf, Aðalgötu 21
Vörumíðlun ehf, Eyrarvegur 21

VARMAHLÍÐ

Akrahreppur Skagafirði
Ferðaþjónustan Bakkafliot s: 483-8245,,
www.bakkafliot.com

SIGLUFJÖRÐUR

Fjallabyggð, Gránugötu 24
Jóhannes Egilsson, Lækjargötu 13
Skattstofa Norðurlands umdæmis, Túngötu 3

AKUREYRI

Akureyrarkirkja, Eyrarlandsvegi
AVH ehf, Mýrarvegi Kaupangi
Bessi Skírnisson ehf, Kaupangi Mýrarvegi
Blikkrás ehf, Óseyri 16
Búsetuðil Akureyrarbæjar, Geislagötu 9
Eggjabúið Gerði ehf, Þórsmörk
Eining-löja, www.ein.is, Skipagötu 14
Endurhæfingarstöðin Sjálfsbjörg Akureyri, Bugðusiðu 1
Félagsbúið Hallgilsstöðum, Hallgilsstöðum

G. V. Gröfur ehf, Frostagötu 4a
Geisli Gleraugnaverslun, Mýrarvegi og Glerártorgi
Haukur og Bessi, Akureyri, Kaupvangi, Mýrarvegi
Hártískan sf, Kaupangi við Mýrarveg
Hlíðarskóli, Varpholti
Húsprýði sf, Múlasíðu 48
Ísgát ehf, Lónsbakka
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Kvenfélagið Baldursbrá, Melasíða 8b
Miðstöð ehf, Draupnisgötu 3g
Ólöf Steinunn Þórsdóttir, Bakka
Raflampar ehf, Óseyri 4
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Samherji hf, Glerárgötu 30
Sjómannafélag Eyjafjarðar, Skipagötu 14
Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi
Svalbarðsstrandarhreppur, Ráðhúsinu
Verkval ehf, Miðhúsavegi 4
Vélsmiðja Steindórs ehf, Frostagötu 6a
Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f

GRENVÍK

Grýtabakkahreppur, Gamla skólahúsinu
Stuðlaberg útgerð ehf, Ægissíðu 11

GRÍMSEY

Grunnskólinn í Grímsey
Sigurbjörn ehf, útgerð, Öldutúni 4
Sæbjörg ehf, Efri Sandvík

DALVÍK

BHS, bíla- og vélaverkstæði, Fossbrún 2
Dalvíkurbyggð, Ráðhúsinu v/ Garðabraut
G.Ben útgerðarfélag ehf, Ægisgötu 3
Tréverk ehf, Dalvík, Grundargötu 8-10

ÓLAFSJÖRÐUR

Norlandia ehf, Múlavegur 3
Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Brekkugötu 9
Sparisjóður Ólafsfjarðar, Aðalgötu 14

HRÍSEY

Leik - og Grunnskólinn í Hrísey, Hólbraut

HÚSAVÍK

Bílaleiga Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 66
Bílaþjónustan ehf, Garðarsbraut 52
Bókasafnið á Húsavík
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf, Hrísteigi 5
Lindi ehf, Ketilsbraut 13

LAUGAR

Norðurrpóll ehf, Laugabrekkur Reykjadal

MÝVATN

Skútustaðahreppur, Hlíðavegi 6

RAUFARHÖFN

Önundur ehf, Aðalbraut 41a

ÞÓRSHÖFN

Geir ehf, Sunnuvegi 3
Haki ehf, Langanesvegi 29
Langanesbyggð v/Nausts, Fjarðarvegi 3

fjallar um siðferðileg álitæfni varðandi erfðavísindi, fóstureyðingar o.fl. Þessi ályktun NHF leiddi m.a. til þess að umrædd nefnd hélt málþing í október 2007 í Reykjavík, um málefnið, undir yfirskriftinni „Rökræða um virðingu, fötlun, mismun og greiningu“, en Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir, Sjálfsbjargarfélagi, sat málþingið.

Í september 2007 var NHF stjórnarfundur og málþing haldið í Reykjavík og annaðist landssambandið undirbúning þess og framkvæmd ásamt Gunnar Buvik, framkvæmdastjóra NHF heildarsamtakanna, en hann er staðsettur í Oslo, Noregi. Þema málþingsins var atvinna við hæfi fyrir alla og héldu eftirtaldir erindi: Rannveig Traustadóttir, prófessor, Pétur Blöndal, alþingismaður, Ólöf Leifsdóttir, iðjubjálfi og forstöðumaður Plastiðjunnar Bjargs-Íðjulundar á Akureyri, Sigurður P Sigmundsson, forstöðumaður hjá Vinnu-málastofnun og systkinin Svandís og Gunnar Stefánsbörn. 54 þátttakendur voru á málþinginu, 22 frá Íslandi en 32 frá hinum Norðurlöndunum sem komu til landsins og sumir lengdu dvöl sína um nokkra daga og skoðuðu landið. Mikil vinna fer í undirbúning af þessu tagi en allt gekk upp, enda lögðust allir á eitt um að gera þetta með sóma.

Í maí 2008 var málþingið í Stokkhólmi, Svíþjóð, en umfjöllunarefnið var fötlunarfræðin, fötlunarrannsóknir og samvinna og tengsl þessara fræða við samtök fatlaðra. Frá Íslandi kom Rannveig Traustadóttir, prófessor við Háskóla Íslands með innlegg á málþingið. Gunnar Buvik þekkir vel til Sjálfsbjargar og hefur margoft komið til Íslands. Hann var áður formaður Norges Handikap Forbund og þekkir vel til þeirra breytinga sem systur-samtök Sjálfsbjargar í Noregi hafa gengið í gegnum og stefnumótun, t.d. í búsetumálum. Haldinn var sérstakur fundur með honum og Lars Ødegaard, framkvæmdastjóra Norges Handikap Forbund, þar sem fulltrúar landssambandsins og Sjálfsbjargarheimilisins ræddu búsetumál hreyfihamlaðra í Noregi og stefnu Norges Handikap Forbund í þeim málaflökki. Í framhaldi af því fóru formenn og framkvæmdastjórar Sjálfsbjargarheimilisins og Sjálfsbjargar Isf, um miðjan nóvember 2007, í sérstaka og mjög gagnlega kynnisferð til Oslo, Noregi, og kynntu sér búsetumál og þjónustu við fatlaða, en Gunnar Buvik skipulagði ferðina og veitti liðsinni sitt. Þessi ferð var gott innlegg í þá vinnu sem í gangi er um



Ný stjórn og varastjórn Sjálfsbjargarheimilisins var kjörin á þingi Sjálfsbjargar Isf. Á myndinni eru í neðri röð frá vinstri: Guðmundur Magnússon, Þorkell Sigurlaugsson, formaður og Guðríður Ólafsdóttir, varaformaður. Í efri röð frá vinstri eru: Hannes Sigurðsson, Ragnar Gunnar Þórhallsson, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins og Pálína Snorradóttir.

framtíðarskipulag og starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins og stefnumótun landsambandsins í búsetumálum og m.a. notendastýrðri þjónustu. Heimsótt var m.a. ULOBA, sem er samvinnufélag hreyfihamlaðra einstaklinga um notendastýrða þjónustu í Noregi. Það var mikil upplifun að kynnast þeirri hugmyndafræði, krafti og starfsemi, sem þetta félag stendur fyrir en allir starfsmenn þess eru hreyfihamlaðir og flestir með háskólamenntun. NHF er einnig með í gangi verkefni sem snýr að því að fatlaðir geti notað ferðaþjónustu fatlaðra í öllum höfuðborgum Norðurlandanna. Þannig gæti íslenskur einstaklingur, sem á rétt á ferðaþjónustu í Reykjavík, ferðast til Kaupmannahafnar og átt rétt á að nota ferðaþjónustu fatlaðra þar. Þorbera Fjölisdóttir er fulltrúi landssambandsins í sérstakri nefnd á vegum NHF um verkefnið. Í janúar 2008 samþykkti Velferðarráð þátttöku Reykjavíkurborgar í verkefninu, en nokkurn tíma tók að fá samþykki borgarinnar, m.a. vegna tíðra borgarstjóraskipta í höfuðborginni.

Önnur erlend samskipti hafa verið þau

að Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Isf, hefur tekið þátt í Evrópuverkefni á vegum Leonardo da Vinci fræðsluskrifstofu Evrópusambandsins, sem fjármagnar verkefnið. Verkefnið heitir „Love language“ og er ætlað ungum karlmönnum sem ekki hafa lært ensku eða vilja bæta sig í henni. Það verkefni hefur staðið frá 1. október 2006 og mun ljúka 30. september 2008. Reiknað er með tekjuafgangi af þessu verkefni og að það megi verða til að efla félags- og fræðslustarf Sjálfsbjargar Isf.

Klifur, blað og málgaun Sjálfsbjargar Isf

Klifur hefur komið út fjórum sinnum frá síðasta þingi landssambandsins. Tekið var upp formlegt samstarf landssambandsins við Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, en nálægt helmingur félagsmanna í aðildarfélagum Sjálfsbjargar Isf er í því félagi og fær því bæði Klifur og Sjálfsbjargarfréttir, en efni þessara blaða hefur oft verið svipað og sami ritstjóri stýrði blöðunum og því var áhugi fyrir því að hagræða og samræma. Landssambandið hefur nú

fengið nýjan ritstjóra, Hilmar Karlsson, sem hefur annast blaðið frá og með Klifur í apríl 2007. Samstarf félagsins á höfuðborgarsvæðinu fólst í því að finna leiðir til að spara í blaðaútgáfunni og leiða til lykta vandamál sem skapast geta þegar báðir aðilar eru að safna styrktarlínum til að fjármagna útgáfuna. Nú er í gildi tilraun sem fellst í því að landssambandið gefur út tvö Klifur blöð á ári og félagið á höfuðborgarsvæðinu eitt blað, sem sent er til allra Sjálfsbjargarfélaga.

Vefur Sjálfsbjargar lsf – www.sjalfsbjorg.is

Leitast hefur verið við að breyta áherslum

og efnistöku á vefnum á starfstímabilinu og leggja meiri áherslu á fötlunarpólitíkina og upplýsingar. Nú er svo komið að núverandi vefur og vefumsjónarkerfi eru orðin afar ófullnægjandi og eru uppi hugmyndir um að kaupa nýtt og öflugra vefumsjónarkerfi og taka í notkun nýjan vef á 50 ára afmæli landssambandsins 4. júní 2009.

Afslættir á eldsneyti og gleraugum

Í dag eru í gildi afslættir fyrir Sjálfsbjargarfélaga á eldsneyti og vörum hjá Olís hf og Skeljungu hf. Ennfremur hjá Pro Optik, gleraugnasala, en skrifstofa landssam-

bandsins veitir nánari upplýsingar um þessa afslætti og hvernig þeir eru fengnir.

Heimsóknir til aðildarfélaga landssambandsins

Framkvæmdastjóri landssambandsins, Kolbrún Stefánsdóttir, heimsótti félagið í Bolungarvík og á Ísafirði. Einnig var félagið á Akranesi heimsótt af fulltrúum úr framkvæmdastjórn lsf og framkvæmdastjóra að frumkvæði félagsmálanefndar í því skyni að endurreisa það. Framkvæmdastjórn hélt ennfremur góðan fund að Öngulsstöðum í Eyjafirði um mánadarmótin apríl/maí 2007 og fékk á sinn fund m.a. fulltrúa frá félagsþjónustu Akureyrar til að ræða þjónustu við fatlaða, en Akureyri hefur náð athyglisverðum árangri í samþættingu þjónustu við fatlaða með sérstöku samkomulagi við ríkið, sem eitt af reynslusveitarfélögum í því sambandi. Félagshandlingur var haldinn hjá Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu í október 2007 þar sem formaður landssambandsins kynnti stöðu mála hjá landssambandinu, ekki síst varðandi Sjálfsbjargarhúsið. Ennfremur sótti formaður félagsfund hjá Heilaheill.

Ferðaþjónusta fatlaðra

Landssambandið ritaði bréf á sínum tíma til allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með ýmsum ábendingum um hvað betur mætti fara í þeirri þjónustu sem hvert sveitarfélag sinnir og nefnist ferðaþjónusta fatlaðra, en hvert sveitarfélag hefur sínar reglur um notkun þjónustunnar. Sérstaklega áberandi og óhagkvæmt er á höfuðborgarsvæðinu að þjónustan er ekki samhæfð og engin samvinna milli sveitarfélaga, eins og er um Strætó, almenningsvagnþjónustu höfuðborgarsvæðisins. T.d. þegar einstaklingar í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins í Reykjavík vilja fara saman í hóp þá þarf að fá ferðaþjónustubifreið frá hverju því sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu þaðan sem viðkomandi einstaklingur hefur lögheimili. Í framhaldi af bréfinu hafði Reykjavíkurborg frumkvæði að stofnun nefndar um ferðaþjónustu fatlaðra með þátttöku allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæði og fulltrúa frá Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. Þessi nefnd er að skila niðurstöðum og tillögum til úrbóta bráðlega. Þetta leiðir jafnframt hugann að því að einstaklingar sem rétt hafa á að nota ferðaþjónustu fatlaðra í sínu sveitarfélagi fái sjálfkrafa rétt til að nota ferðaþjónustu



Þingfundur að hefjast, föstudaginn 16. maí.

fatlaðra í öllum sveitarfélögum á landinu. Þetta er hagsmunamál sem þarf að vinna að.

Nýjar reglur um úthlutanir leiguíbúða

Í nóvember 2006 samþykkti sambandsstjórn nýjar reglur um úthlutanir leiguíbúða í Sjálfsbjargarhúsinu, reglur um húsnefnd og framkvæmdastjórn setti nýjar húsreglur fyrir íbúa. Tilgangurinn var bætt og réttmætari stjórnsýsla, að réttindi og skyldur leigjenda og leigusala séu ljósar og að reglur séu skriflegar og birtar opinberlega, aðgengilegar öllum. Tekið var mið af sambærilegum reglum sem gilda um félagslegar íbúðir sveitarfélaga og tekið tillit til laga um fjöleignarhús. Allar þessar reglur eru á vef Sjálfsbjargar lsf.

Fundur með Þjónustumiðstöðinni og félagsþjónustunni

Formaður og framkvæmdastjóri landssambandsins áttu gagnlegan fund með fulltrúum frá Þjónustumiðstöðinni í Laugardal (hverfismiðstöð félagsþjónustunnar í Reykjavík fyrir það hverfi sem Sjálfsbjargarhúsið tilheyrir) og fulltrúum frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík um þjónustu þessara aðila við íbúa í leiguíbúðum í Sjálfsbjargarhúsinu. Það kom skýrt fram að þessum aðilum ber skylda til og eru fúsir til að veita íbúum í leiguíbúðunum alla þá þjónustu sem fatlaðir Reykvíkingar eiga rétt á. Reyndist þessi fundur góð byrjun á auknum og bættum samskiptum við Þjónustumiðstöðina í Laugardal varðandi þjónustu þeirra við íbúa. Í desember 2006 var haldinn húsfundur með íbúum í leiguíbúðum um ýmis mál, sem íbúana varðar og um málefni landssambandsins.

Já, ég vinn hérna!

Þema alþjóðadagsins á árinu 2007 var „Atvinna við hæfi fyrir fólk með fötlun“. Í tilefni af því var farið í verkefni helgina 24. og 25. nóvember 2007, sem kallaðist „Já, ég vinn hérna!“. Verkefnið fól í sér að Sjálfsbjargarfélagar á öllum aldri fóru, undir styrkri stjórn varaformanns landssambandsins, Kolbrúnar Daggar Kristjánsdóttur, og formanns Ný-ungar, Andra Valgeirssonar, í Kringluna og þar dreifði fólk sér á þau fyrirtæki sem voru með í verkefninu. Þau fyrirtæki voru Skífan, Hagkaup, Vínubúðin, Body Shop, Securitas, Gleraugnaverslunin Augað, Dressman og Hygea snyrtivöruverslun. Fólk var í bolum sem merktir voru með

áletruninni „Já, ég vinn hérna!“ og tók á móti viðskiptavinum viðkomandi verslunar þegar þeir komu inn og aðstoðaði þá. Þetta vakti fólk til umhugsunar um atvinnumál fatlaðra og þátttöku í samfélaginu og var gerður góður rómur að þessu verkefni, sem fékk fjölmiðlaathygli. Sumir settu sig niður á sölubás sem staðsettur var uppi á gangi Kringlunnar og voru með varning til sölu. Boðið var upp á akstursþjónustu í hjólstólum, að bera innkaupapoka á rafskutlum og margt fleira. Getraun var í gangi báða dagana og var sigurvegari í henni Vignir Snær Stefánsson, Sandholti 30, 355 Snæfellsbæ.

Ný-ung, ungliðahreyfing Sjálfsbjargar lsf

Hreyfingin er opin öllum á aldrinum 18–30 ára sem hafa áhuga á málefnum

hafa athygli út fyrir landssteinana, og verið mikið um hlátur og gleði á göngum og í „hallargarðinum“. Nú hefur framkvæmdastjórn landssambandsins ákveðið að Ný-ung fái afnot af húsnæði sem áður hýsti Bókasafn Sjálfsbjargar á 4. hæð í C-álmu Hátúns 12 og auk þess aðgang að einni lítilli íbúð sem verður sameinuð því húsnæði. Þetta þýðir að Ný-ung hefur þá fengið heilsárs húsnæði og vonandi verður það til þess að þeir verða enn öflugri í sínu starfi.

Lokaorð formanns

Starfsemi Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, er margbrotin og snýst m.a. um fasteignarekstur, fjáraflanir, baráttu- og hagsmunamál og þjónustu við marga aðila, innan Sjálfsbjargarhússins og úti í samfélaginu. Starfsumhverfi samtakanna verður sífellt flóknara, sem m.a. helgast af



Meðan setið var yfir veitingum í upphafi landsþings skemmtu þeir félagar Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson með söng og gamanmálum.

ungs hreyfihamlaðs fólks. Hreyfingin er því blanda hreyfihamlaðra og ófatlaðra af báðum kynjum. Ný-ung beinir sjónum sínum að hverju því sem snertir þennan hóp, bæði jákvæðu og neikvæðu. Ný-ung hefur unnið með Hinu Húsinu frá 2004 og hefur það samstarf gengið vel og er enn í gangi. Ný-ung hefur undanfarin 2 ár haft aðstöðu fyrir sumarverkefni sín á skrifstofugangi Sjálfsbjargar lsf að Hátúni 12, en sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu greiða þátttakendum laun í nokkrar vikur. Þar hafa orðið til ýmsar uppákomur og aldeilis frábær myndskreið, sem vakið

ákvörðunum löggjafarvaldsins og stjórn-sýslunnar. Á sama tíma heldur framþróun í jafnréttis- og baráttumálum fatlaðra áfram. Eitt brýnasta verkefni samtakanna er að efla skrifstofu landssambandsins, þekkingu á málefnum hreyfihamlaðra á skrifstofunni og innan samtakanna og þjónustu ef þau eiga að vera framsækinn og marktækur þátttakandi í þeim málefnum, sem þau standa fyrir og í góðum tengslum við félagsmenn. Verkefnið í nánustu framtíð er að finna Sjálfsbjörg farveg í þessu samhengi.

– Takk fyrir veittan stuðning –

VOPNAFJÖRÐUR ▼

Bílar og vélar ehf, Hafnarbyggð 14a
Bókasafn Vopnafjarðar, Lónabraut 12
Bókhalds- og viðskiptaþjónusta Kristjáns, Kolbeinsgötu 8
Jónsver ses, Hamrahlíð 15
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

EGILSSTAÐIR ▼

Barri hf, Tumastöðum í Fjótshlíð, Valgerðarstaðir 4
Egilsstaðakirkja, Laugavöllum 19
Fjótisdalshérað, Lyngási 12
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1
Hraðbúð ESSO www.khb.is, Kaupvangi 6
Miðás hf (Brúnás innréttingar), Miðási 9
Skrifstofuþjón Austurlands ehf, Fagradalsbraut 11
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5
Öskukóli Austurlands sf, Háafelli 4a

SEYÐISFJÖRÐUR ▼

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

BORGARFJÖRÐUR ▼

Fiskverkun Kalla Sveins ehf, Vörðubrún

REYÐARFJÖRÐUR ▼

Verkstjórafélag Austurlands, Ásgerði 3

ESKIFJÖRÐUR ▼

Eskja hf, Strandgötu 39
Tannlæknastofa Guðna Óskarssonar, Hólsvegi 3a

NESKAUPSTAÐUR ▼

Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf, Hafnarbraut 10
Sildarvinnslan hf, útgerð, Hafnarbraut 6

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR ▼

Fáskrúðsfjarðarkirkja
Loðnuvinnslan hf, Skólavegi 59

BREIÐDALSVÍK ▼

Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra,
Ásvegi 31

HÖFN Í HORNAFIRÐI ▼

Mikael ehf, Norðurbraut 7
Skinney - Þinganes hf, Krosssey
Skólaskrifstofur Hafnar, Hafnarbraut 27
Prastarhóll ehf, Kirkjubraut 10

SELFOSS ▼

AB-skálinn ehf, Gagnheiði 11
Básinn, veitingastaður ehf, Efstalandi
Bífreiðaverkstæðið Klettur ehf, Hrísmýri 3
Bisk-verk ehf, Bjarkarbraut 3, Reykholt
Byggingarfélagið Árborg ehf, Bankavegi 5
Fossvélar ehf, Hrísmýri 4
Framsóknarfélag Árnessýslu, Heiði
Hitaveitan Ánesi, Ánesi félagsheimili
Hrói Höttur, Austurvegi 22
Jeppasmíðjan ehf, Ljónsstöðum
Litla kaffistofan, Svínahrauni
Nesey ehf, Suðurbraut 7 Gnúpverjahreppi
Plastiðjan ehf, Gagnheiði 17
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Gagnheiði 35
Set ehf, röraverksmiðja, Eyravegi 41
Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur, Ánesi
Sólheimar í Grímsnesi
Tannlæknastofa Halldórs Sigþórssonar, Austurvegi 44
TAP ehf, Eyravegi 55
Verkfræðistofa Guðjóns, Austurvegi 44
Verkfræðistofa Suðurlands ehf, Austurvegi 3-5
P.H.blikk ehf, Gagnheiði 37

HVERAGERÐI ▼

Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði www.hnfi.is,
Grænumörk 10
Hveragerðisbær, Sunnumörk 2
Hveragerðiskirkja, Bröttuhlíð 5
Sport-Tæki ehf, Austurmörk 4

ÞORLÁKSHÖFN ▼

Fagus ehf, Unubakka 18-20
Frostfiskur ehf, Hafnarskeiði 6
Járnkarlinn ehf, Selvogsbraut 7

LAUGARVATN ▼

Ásvélar ehf, Hrísholti 11

HELLA ▼

Rangá ehf, Suðurlandsvegi
Sólfugl ehf, Heiðvangi 6

HVOLSVÖLLUR ▼

Búaðföng, Stórolfsvelli
Fylkir, vöribústjórafélag, Eystri-Torfastöðum 1
Kvenfélagið Bergþóra, Vestur Landeyjum

VÍK ▼

Mýrdalshreppur, Austurvegi 17
Víkurrjón ehf, Austurvegi 20

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR ▼

Tjaldstæðið Kirkjubæ 2, Vestur Skaftafellssýslu

VESTMANNAEYJAR ▼

Bessi hf, Sóleyjargötu 8
Bragginn sf, bílaverkstæði, Flötum 20
Eyjablikk ehf, Flötum 27
Frár ehf, Hásteinsvegi 49
Huginn ehf, Hrauntúni 48
Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28
Pétursey ehf, Flötum 31
Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu
Vélaverkstæðið Þór ehf, Norðursundi 9

Við höfum stutt íslendinga

í **25** ár


1982 – 2007

Bifreiðamál hreyfihamlaðra

Ályktun um bifreiðamál hreyfihamlaðra var samþykkt á 34. þingi Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra (lsf), haldið 16. og 17. maí 2008:

„Í áratugi hafa hreyfihamlaðir einstaklingar notið mikilvægs stuðnings við kaup og rekstur bifreiða, sem eru nauðsynlegt hjálpartæki til virkrar samfélagsþátttöku og sjálfbjarga lífs.

Ríkissjóður styður fjölmarga einstaklinga og fyrirtæki í landinu með niðurfellingu eða lækkuðum innflutningsvörugjöldum af bifreiðum. Um er að ræða m.a. pickupbifreiðar, leigubifreiðar, bílaleigubíla, ökukennarabifreiðar, slökkvibifreiðar, sjúkrabifreiðar og margar fleiri. Lækkun vörugjalda af þessum bifreiðum er hlutfall af verðmæti þeirra og fylgir því nokkuð vel verðhækkunum á bifreiðum á hverjum tíma. Hinsvegar er stuðningur Tryggingastofnunar ríkisins vegna bifreiðakaupa hreyfihamlaðra, skv. reglugerð þar um, í langflestum tilvikum bundinn tiltekinni upphæð auk þess sem kveðið er á um hversu langur tími skal líða milli styrkveitinga.

Undanfarin ár hefur Sjálfsbjörg lsf sótt mjög stíft á ríkisvaldið um lagfæringar, en ekki haft árangur sem erfiði. Þing Sjálfsbjargar lsf, haldið 16. og 17. maí 2008 í Reykjavík, samþykkti einróma eftirfarandi ályktanir:

„Þing Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, krefst þess að styrkir og uppbætur til bifreiðakaupa hreyfihamlaðra hækki tafarlaust þannig:

1. Endurúthlutun styrkjanna verði strax breytt í 4 ár úr 5 árum.
2. Endurúthlutun prósentu (%) styrkjanna (hjólastólabílar) verði að sama skapi breytt í fjögur ár ef valinn er 50% styrkur og fimm ár ef valinn er 60% styrkur.
3. Styrkir verði hækkaðir þannig að þeir fylgi verðlagshækkunum.
4. Skipuð verði samráðsnefnd ráðuneytis og hagsmunasamtakanna með þátttöku Sjálfsbjargar lsf.
5. Réttur til styrkja miðist við þörf fólks fyrir bifreiðar til daglegs lífs. Bifreiðakaupastyrkirnir, skv. gildandi reglugerð, hafa ekki hækkað a.m.k. síðastliðin 9 ár og þurfa þeir því að hækka að lágmarki um 70 til 90% til að halda í við þróun verðlags og lengdan eignarhaldstíma, sem ákveðinn var af stjórnvöldum. Þess vegna er einnig nauðsynlegt að tími, sem verður að líða milli styrkveitinga, verði stytur niður í 4 ár eins og áður var. Rýrnun styrkjanna hefur haft mjög mikla kjararýrnun í för með sér og mikil áhrif á tækifæri hreyfihamlaðra til að kaupa eða endurnýja bifreið, sem aftur dregur verulega úr tækifærum þeirra til samfélagsþátttöku. Enginn hópur í þjóðfélaginu hefur tekið á sig slíka kjaraskerðingu.“

Þing
Sjálfsbjargar,
landssambands fatlaðra,
krefst þess að styrkir og
uppbætur til bifreiðakaupa
hreyfihamlaðra hækki
tafarlaust.

„Varðandi bifreiðakaupastyrki hreyfihamlaðra, sem nú eru í 38. gr. sjúkratryggingakafla almannatryggingalaganna og frumvarp um breytingu á lögum um sjúkratryggingar er liggur frammi á Alþingi. Þar er gert ráð fyrir að þeir styrkir færist í lög um félagslega aðstoð undir þeim formerkjum að hér sé um ferlimál að ræða. Þessu hafnar Sjálfsbjörg alfarið. Bifreið í þessum flokki er fyrst og fremst hjálpartæki, eins og önnur hjálpartæki sem eru í sjúkratryggingakafla almannatryggingalagana.

Ef það verður, samt sem áður, niðurstaðan að styrkirnir fari frá sjúkratryggingum, í andstöðu við vilja Sjálfsbjargar lsf., er það krafa að þeir falli undir tryggingabótahlutann í almannatryggingum og teljist því ekki félagsleg aðstoð. Jafnframt verði bifreiðakaupastyrkir áfram skattfrjálssir eins og verið hefur.“

Fimm fengu úthlutað úr minningarsjóði

Úthlutað hefur verið úr minningarsjóði Jóhanns Péturs Sveinssonar, fyrrum lögfræðings og formanns Sjálfsbjargar Landsambands fatlaðra. Jóhann Pétur Sveinsson lést 5. september 1994 þá aðeins 34 ára. Með lífi sínu sýndi Jóhann Pétur fram á að vel er hægt að lifa lífinu lifandi þrátt fyrir mikla fötlun, hann kláraði lögfræðináms og rak eigin lögfræðistofu með félag sínum Ólafi Garðarssyni hrl., Jóhann Pétur tók virkan þátt í félagsmálum og pólitík, var formaður Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, söng með Skagfirsku söngsveitinni og tók virkan þátt í starfi Framsóknarflokkssins.

Tilgangur minningarsjóðsins er að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms með ýmsu móti og einnig að styrkja einstök mál-efni varðandi aðgengi fatlaðra.

Styrktarþegarnir að þessu sinni eru úr báðum flokkum og þeir eru:

Aðalbjörg Guðgeirsdóttir, hlaut styrk að upphæð 150.000,- til kaupa á Speedy Duo 2 hjóli sem á eftir að gera henni kleyft að ferðast á auðveldari hátt utandyra. Aðalheiður, sem prýðir forsíðu Klifurs, hefur nú fengið hjólið, en auk þess sem Styrktarsjóðurinn styrkti hana veglega þá styrktu gleiri góðir aðilar Aðalbjörgu og Lionsklúbburinn Freyr sá svo um það sem vantaði uppá.



Á myndinni er talið frá vinstri: Kristján V. Hjálmarsson, Hólmfríður Benediksdóttir og Adalbjörg Guðgeirsdóttir. Anna Sigríður og Bergur Þorri sem bæði eru búsettir utan Reykjavíkur sáu sér ekki fært að mæta við úthlutunina.

Hólmfríður Benediksdóttir fékk styrk að upphæð 150.000,- til að bæta aðgengi í baðherbergi.

Anna Sigríður Traustadóttir fékk 100.000,- kr. styrk til að leggja steypa stétt með hita í að bílastæði við heimili sitt.

Bergur Þorri Benjamínsson hlaut styrk að upphæð 75.000,- til náms.

Kristján V. Hjálmarsson fékk styrk að upphæð 35.910,- fyrir námsgjöldum.

MND-félagið veitir viðurkenningar vegna aðgengis fatlaðra

Í apríl afhenti félags- og tryggingamálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir Franch Michelsen úrsmíðameistara og Gullkúnst Helgu við Laugavegin fyrstu viðurkenningar MND-félagsins um að aðgengi verslananna væri til fyrirmyndar fyrir hjólastóla.

Viðurkenningin er í formi límmiða sem settur er upp

við inngang verslananna þar sem fram kemur að einstaklingar í hjólastólum séu sérstaklega velkomnir. Atburðurinn markar upphaf á sérstöku átaki MND-félagsins til að bæta aðgengi fyrir hjólastóla í fyrirtækjum og stofnunum.